


Ísland – veröld til að njóta

Kennsluleiðbeiningar



Efnisyfirlit

Kort og kortalestur	3
Heimabyggðin mín	7
Í minni Heimabyggð	8
Jörðin – innviðir hennar og aldur	9
Jarðsaga Íslands	12
Breytingar á umhverfi	15
Náttúruvernd	17
Auðlindir	18
Landshlutar – Vesturland	19
Landshlutar – Vestfirðir	22
Landshlutar – Norðurland vestra	25
Landshlutar – Norðurland eystra	27
Landshlutar – Austurland	31
Landshlutar – Suðurnes	38
Landshlutar – Höfuðborgarsvæðið	41
Landshlutar – Hálandið	45
Ferðalög	47
Þjóðsögur – Vesturland	48
Þjóðsögur Vestfirðir	53
Þjóðsögur – Norðurland	55
Þjóðsögur – Austurland	60
Þjóðsögur – Suðurland	62
Þjóðsögur – Suðurnes	64
Þjóðsögur – Hálandið	66
Þjóðsögur – Höfuðborgarsvæðið	68
TÖLUR OG STÆRÐIR	69

Ísland –veröld til að njóta kennsluleiðbeiningar

© 2008 Höfundur Björn Hróarsson

Ritstjórn: Ellen Klara Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir
og Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Kort: Jean Posocco

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2009

Námsgagnsatofnun

Reykjavík

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Efni til útprentunar



Kort og kortalestur

Nemendabók bls. 4–7

Vinnubók bls. 1–5

Í kaflanum er fjallað um:

- Hnöttinn
- Áttir og stefnur
- Íslandskort fyrr og nú
- Kortatákn, hæðalínur og liti
- Örnefni
- Kort eru lykill að landinu



Hnattlíkan – bls. 4 í grunnbók

Nemendum til glöggvunar er heimskort þar sem horft er ofan á norðurpólinn á bls. 37 í *Kortabókinni*. Einnig er í sömu bók kort af heimskautalöndum á bls. 82 og hnötturinn og kortin eru á bls. 96–97.

Til þess að sjá heimskort sem búið er að fletja út er möguleiki að nota kort yfir flugleiðir á bls. 83 í *Kortabókinni*.

Fróðleikur

Nálin á áttavitum vísar ekki beint á norðurheimskautið heldur á svokallað segulskaut sem er nokkru vestar eða nyrst í Kanada. Þegar stefnur eru fundnar með hjálp áttavita þarf því að taka tillit til þessa. Munurinn á stefnunni til heimskautsins og stefnunni til segulskautsins nefnist misvísun. Í Reykjavík er þessi misvísun um 17–18 gráður.

Sum hnattlíkön af jörðinni sýna einnig hafsbötninn. Á þannig hnattlíkönnum sjást vel sum náttúrufyrirbæri sem skipta miklu máli í jarðfræði Íslands eins og Mið-Atlantshafshryggurinn en um hann er fjallað nánar síðar í bókinni.

Áttir og stefnur – bls. 5 í grunnbók

→ Spurningar 1 og 2 á bls. 1 í vinnubók

Hér er verið að þjálfá áttirnar og rifja upp leit á korti. *Kortabókin* sem talað er um í þessum kennsluleiðbeiningum er útgefin af Námsgagnastofnun, fyrst 1992 og endurútgefin 2007. Í henni er kort af Íslandi á bls. 2–3. Atriðisorðaskrá fyrir þetta kort er á bls. 101. Það er heppilegt að nota þetta kort á meðan nemendur eru að þjálfá upp færni við að leita á kortum.

→ Spurning 3 á bls. 3 í vinnubók

Hér er verið að þjálfá áttirnar og gera nemendum grein fyrir legu landsins í Evrópu. Evrópukort er á bls. 38–39 í *Kortabókinni*. Annað kort sem hægt er að nota við að merkja löndin inn í vinnubókina er á bls. 50. Þar er líka að finna upplýsingar um höfuðborgir og

íbúafjölda landa. Ef nemendur vilja afla sér frekari upplýsinga um einhver önnur lönd er hægt að nálgast þær á vefnum Lönd heimsins sem Námsgagnastofnun gefur út. Slóðin er: <http://www1.nams.is/loend/index.php>

Þegar bekkurinn hefur lokið við að svara spurningu þrjú er hægt að búa til spurningaleik í bekknum með spurningum um lönd Evrópu.

→ Spurning 4 á bls. 4 í vinnubók

Nemendur teikna leið sína í skólann og merkja inn höfuðáttirnar. Mætti teikna áttavita inn á verkefnið til að átta sig betur á áttunum í sínu nánasta umhverfi.

Íslandskort fyrr og nú á bls. 6 í grunnbók

Það er mikill fróðleikur ásamt myndum af fornum kortum á vef Þjóðarbókhöfundunar. Slóðin er: <http://kort.bok.hi.is/>

Hugsanlegt væri að láta nemendur skoða þessi kort, prenta eitt út, líma á karton og skrifa upruna þess undir myndina.

Öll kortin á þessum vef eru í þremur upplausnum til að auðvelda alla vinnu með þau.

Einnig er gaman fyrir nemendur að skoða þróun kortagerðar frá því árið 1000 til okkar tíma með því að skoða kortavefinn *Myndin af Íslandi* sem er að finna á vefsíðu Námsgagnastofnunar <http://nams.is/dagsins/kort/index.htm>

Fróðleikur

Ísland kemur fyrst fyrir á bresku korti frá því um árið 1000. Á því korti sést eyja norðan við Bretland og á henni nafnið Ísland. Líklega er þetta kort elsta heimildin þar sem orðið Ísland kemur fyrir. Ísland sést á nokkrum kortum sem búin voru til á öldunum þarna á eftir en bæði lögun landsins og staðsetning þess voru yfirleitt langt frá því að vera rétt.

Danskur maður bjó til kort af Íslandi á árunum í kringum árið 1430. Fyrst þar er staðsetningin nálægt lagi en lögun landsins ekki. Um árið 1500 kom út sjókort þar sem lögun landsins er þannig að hægt er að þekkja að um Ísland er að ræða. Reykjanes, Snæfellsnes og Vestfirðir sjást þar til dæmis. Ljóst er að þeir sem aðstoðuðu við þessa kortagerð höfðu komið til Íslands. Í byrjun 16. aldar bjuggu sjómenn frá Portúgal og Frakklandi til kort af Íslandi þar sem útlínur landsins eru furðu réttar.

Guðbrandur Þorláksson, sem var biskup á Hólum í Hjaltadal á Norðurlandi, bjó til kort af Íslandi á árunum í kringum 1580. Var hann fyrsti Íslendingurinn til að búa til Íslandskort. Þetta er elsta kortið sem sýnir nokkuð rétta mynd af Íslandi.

Um 1720 kom út í Danmörku kort af Íslandi þar sem allir helstu verslunarstaðir landsins eru merktir inn. Danir og Norðmenn mældu strandlengju landsins til að geta teiknað útlínur þess réttar á árunum 1721 til 1819. Þessi vinna tók því næstum

100 ár. Kort sem byggðist á þessum mælingum kom út árið 1826. Þá fyrst lá strandlengja landsins fyrir og réttar útlínur landsins. Kortið sagði hins vegar fátt um jökla, fjöll, dali og önnur náttúruframbærni á landinu sjálfu.

Björn Gunnlaugsson vann að kortlagningu Íslands árin 1831 til 1843. Kortið, sem heitir Uppdráttur Íslands, kom svo út árið 1848. Kort Björns er mjög gott miðað við þann tíma sem hann fékk til verksins og þá tækni sem hann notaði.

Á síðustu öld gerðu Danir svo kort af Íslandi í mælikvarðanum 1:100.000 og kallast þau Herföngjaráðskortin. Þau komu út árið 1944. Þá fyrst var hægt að átta sig á landslagi á Íslandi á landakortum. Þar er landinu skipt niður á 87 kort. Einn sentimetri á þessum kortum sýnir í raun einn kílómetra.

Um miðja síðustu öld kortlagði bandaríski herinn tölurverðan hluta Íslands með enn meiri nákvæmni en Danirnir höfðu gert. Voru þau kort að mestu gerð eftir ljósmyndum. Mælikvarðinn er 1:50.000 sem merkir að einn sentimetri á kortinu sýnir 500 metra vegalengd.

Landmælingar Íslands voru stofnaðar árið 1956 og hafa séð um mælingar og útgáfu korta allt frá þeim tíma. Útgáfan er margvísleg. Hægt er að fá kort af Íslandi þar sem það er á einu korti. Einnig eru til útgáfur þar sem landinu er skipt niður á fjögur kort. Herföngjaráðskortin sýna landið á 87 kortum og svo eru til ýmis sérkort af ákveðnum svæðum. Landmælingar Íslands vinna að nákvæmum kortum af Íslandi. Loftmyndir og staðsetningartækni sem byggð er á gerivitunglum eru lykilatriði við gerð korta í dag.

Kortatákn hæðalínur og litir á bls. 7 í grunnbók

→ Spurning 5 á bls. 5 í vinnubók

Kortavinna – Litaðu hálendi, láglandi

Þarna væri gott að fara vel með nemendum í uppbyggingu korta, sérstaklega hvernig litirnar breytast og hvað það þýðir.

Stærra kort er hægt að sækja á vef Námsgagnastofnunar slóðin:
<http://www.namsgagnastofnun.is/vinnukort/arogvotn.pdf>

Í *Kortabókinni* er að finna fjölda korta sem gaman er að skoða. Til dæmis kort sem sýna hvernig landinu er skipt í landshluta, sýslumanns og umdæmi. Gróðurkort sýna hvar gróður er að finna og hvers konar gróður. Jarðfræðikort sýna mismunandi jarðmyndanir og mismunandi gerð og aldur bergsins eftir því hvar er á Íslandi. Slík kort eru mjög gagnleg til að átta sig á jarðfræði Íslands.

Áhugaverð kort til þess að skoða með nemendum eru í *Kortabókinni*. Má þar nefna:

Jarðfræði á bls. 18

Gróðurþekja á bls. 19

Friðlýst svæði á bls. 21

Sveitafélög og umdæmi sýslumanna á bls. 23

Hálendi og láglendi Íslands Veggmynd af Íslandi – hópvinna

Efni

Maskínupappír
Tússlitur
Sandur
Silkipappír – grænn, brúnn, appelsínugulur, gulur

Til að festa hálendi og láglendi enn frekar í minni nemenda er hægt láta bekkinn vinna veggmynd þar sem unnið er með stórt kort sem hefur verið teiknað upp á maskínupappír. (Hæðin ca ein breidd á maskínupappír.)

Nemendur setja límrönd með fram ströndinni og strá sandi á límið. Síðan er notaður silkipappír í ýmsum litum; rifnir niður litlir bútar í grænum lit og límdir á myndina til þess til þess að afmarka láglendi og sama er gert við hálendi og jökla með víðeigandi litum.

Líkan af Íslandi – hópvinna

Einig væri hægt að vinna Íslandskort úr pappamassa á tréplötu. Teiknið útlínur Íslands á tréplötu. Útbúið pappamassann með því að blanda saman veggfóðurslími og niðurrifnum dagblöðum. Landslag Íslands mótað með hliðsjón af landakorti. Reynt að sýna hálendi og láglendi. Jöklar mótaðir og hæstu fjöll. Pappamassi látinn þorna. Líkanið er síðan málað í réttum litum. Hálendi, láglendi, jöklar, vötn, sjór og svo framvegis.

Örnefni bls. 9 í grunnbók

→ Spurningar 6–8 á bls. 5 í vinnubók

Samhliða kaflanum um örnefni og til að festa þetta hugtak betur í minni er upplagt að vinna með heimabyggðina og finna t.d. örnefni og áhugaverða staði og lista þau upp. Myndir af þessum stöðum myndu gera verkefnið meira lifandi. Einnig væri hægt að safna þjóðsögum tengdum heimabyggðinni og setja þær saman í bók.

Til þess að fá myndir í verkefni eins og þessi er bent á vef Mats Wibe Lund. Þar er að finna mikinn fjölda mynda sem er hægt að skoða og jafnvel prenta út.

Námshagnastofnun veitti móttöku, fyrir hönd skólafólks, yfirlýsingu þar sem heimiluð er ókeypis notkun á átthagamyndum úr safni ljósmyndarans Mats Wibe Lund. Hægt er að finna og skoða myndirnar með því að fara á heimasíðu hans sem er myndagallerí. Nemendur þurfa aðeins að senda nokkrar línur á Mats og tilgreina óskir sínar. Myndirnar verða síðan sendar hverjum og einum í tölvupósti.

Slóðin á myndasafnið er: <http://www.mats.is/fotoweb/>

Heimabyggðin mín – 2

Ég á heima á/í _____

Flettu upp á bls. 2–3 í *Kortabókinni* og finndu nöfn á fjöllum í þeim landshluta þar sem þú býrð.

Firðir og flóar: _____

Stöðuvötn og ár: _____

Jöklar: _____

Þéttbýlisstaðir: _____

Finndu örnefni í þínum landshluta sem vísar á einhvern hátt til sögu Íslands?

Hvaða þjóðsögur þekkir þú úr þinni heimabyggð? Gaman væri að safna þjóðsögum landshlutans í sameiginlega bók bekkjarins.



Jörðin – innviðir hennar og aldur



Nemendabók bls. 10–15

Vinnubók bls. 6–8

Í kaflanum er fjallað um:

- Lagskiptingu jarðar
- Flekamót
- Flekamót og möttulstróka
- Jarðskjálfta

Þessi kafli er frekar erfiður og þarf eflaust að lesa hann yfir með nemendum og útskýra hugtök og annað sem torskilið er.

Lagskipt jörð bls. 10 og 11 í grunnbók

→ Spurning 1 á bls. 6 í vinnubók

Upprifjun á lagskiptingu jarðar fyrir þá nemendur sem hafa lesið *Land og líf* og unnið vinnubókina með henni. Ákveðið var að hafa einföldustu útgáfu af lagskiptingunni í þessari bók.

Nemendur teikna myndina inn í vinnubókina. Þeir hafa fyrirmynd á bls. 10 en eflaust finnst mörgum einfaldara að teikna þverskurð af lagskiptingunni.

Kort með flekamótum jarðar er að finna á bls. 84 í *Kortabókinni*.

Flekamót bls. 12–14 í grunnbók

Hér er hægt að útskýra fyrir nemendum hvernig flekamótin liggja þvert yfir landið frá SV til NA (bls. 13 í nemendabókinni).

→ Spurning 2 bls. 6 í vinnubók

Heitur reitur er þar sem heitt möttulefni stígur upp undir jarðskorpuna. Þar er eldvirkni meiri en annars staðar.

Flekamót eru samskeytin þar sem tveir jarðskorpuflekar mætast.

Mið-Atlantshafshryggurinn er undir miðju Atlantshafinu. Þar eru tveir flekar sem rekur í sundur og upp kemur kvika. Jarðskorpan er búin til úr sex meginlandsflekum og tólf minni flekum. Þessir flekar fljóta ofan á seigfljótandi efni í möttli jarðar.

→ Spurning 3 á bls. 7 í vinnubók

Fellingafjöll verða til þegar tveir jarðskorpuflekar rekast saman og upp hleðst fjallgarður eða fellingafjöll eins og til dæmis Alpafjöllin í Evrópu.

→ Spurningar 4–7 á bls. 7 í vinnubók – Kortavinna

4. og 5. Nú er tækifæri til að kynna fyrir nemendum nafnaskrána í *Kortabókinni* ef það hefur ekki verið gert áður. Útskýring á uppbyggingu hennar er á bls. 101. Rifja má upp með þeim hvernig er leitað í nafnaskránni og hvernig hægt er að finna staði í reitum eftir bókstöfum og tölum sem gefnar eru upp. Nota má Everest sem spurt er um í spurningu fjögur og Etnu sem spurt er um í spurningu fimm sem verkefni.
6. Hraun og aska nefnast einu nafni gosefni.
7. Það sem einkennir eldstöðvakerfi eru megineldstöðvar og gossprungur og gjár. Þannig tengjast saman eldstöðvar á sama svæði. Á Íslandi eru um 30 eldstöðvakerfi.

Jarðskjálftar bls. 15 í grunnbók

Á efri myndinni á bls. 15 tákna gulu svæðin gosbelti.

→ Spurningar 8 og 9 á bls. 7 í vinnubók

8. Þegar jarskorpuflekar hreyfast myndast spenna sem veldur því að jarðskorpan lætur undan, brotnar og veldur jarðskjálfta.
9. Hjá Námsgagnastofnun www.nams.is á vefnum *Komdu og skoðaðu ...* (Krakkasíður) er hægt að nálgast myndbrot af eldgosum til þess að sýna nemendum. Þar er einnig að finna jarðfræðivef <http://www1.nams.is/jardfraedi/index.php>

Slóðin til að skoða eldgos er:

[http://www.namsgagnastofnun.is/komdu/fjollin/handradi_fjoll/fjoll_handrad.html#](http://www.namsgagnastofnun.is/komdu/fjollin/handradi_fjoll/fjoll_handrad.html#Smellið_á_eldfjöll)
Smellið á eldfjöll.

Athugið að það er hljóð með myndunum og einnig verður að ýta á byrjunarhnappinn „play“. Þegar á að hoppa á milli myndskaiða þá þarf að ýta á næsta og aftur á byrjunarhnappinn.

Þarna eru myndskaið frá sjö eldgosum.

Hekla
Surtsey
Krafla
Vestmannaeyjar (Heimaey)
Grímsvötn
Askja
Gjálp

Fróðleikur

Hvað verður úr kvikunni þegar yfirborði er náð ræðst af fjölmörgum þáttum, svo sem úr hvaða efnum kvikan er gerð, hversu mikið af kviku kemur upp, landslagi þar sem gýs, kælingu kvikunnar, lögun gosopa, fjölda gosa í sama gosopi og nokkrum fleiri þáttum.

Þegar eldgos verða undir jöklum snöggkælist kvikan og tætist í allar áttir. Ný kvika lendir í vatni undir jöklinum og splundrast. Snöggkældar kvikuagnirnar límast svo saman, vegna þrýstings og hita, og upp hleðst móbergshrúgald eða stapi ef gosið nær upp úr jöklinum.

Ef gos undir jökli eða djúpu vatni verða á sprungu myndast móbergshryggir eins og til dæmis Jarlhettur suðaustan Langjökuls og Sveifluháls á Reykjanesi.

Renni hraun út í vatn snöggkælist það og sýður. Gufusprengingar verða og þá geta myndast svonefndir gervigígar, eins og til dæmis Skútustaðagígar í og við Mývatn.

Gjosi oft í sömu eldstöð hlaðast upp há fjöll sem venjulega eru gerð úr hraun- og gjóskulögum á víxl.

Dyngjur myndast við eldgos þegar þunnfljótandi hraunkvika streymir upp um kringlótt gosop í langan tíma.

Eldborgir verða til þegar þunnfljótandi kvika kemur upp um kringlótt gosop í fremur stuttum gosum.

Eldgos á sprungum eru algengust hér á landi og geta gossprungur verið mjög mislangar. Einna lengst er Lakasprungan, 25 kílómetrar. Upp um hana kom Skaftárelda-hraun árið 1783. Umfang þess er um 14 rúmkílómetrar.

Rúmkílómetri er teningur sem er einn kílómetri á hvern kant. Til að átta sig á magninu getur verið ágætt að horfa út um gluggann og reyna að búa til einn slíkan tening í huganum. Þegar það hefur tekist má síðan nota hugann til raða upp 14 þannig teningum. Þannig er hægt að átta sig á því magni af hrauni sem upp kom í Skaftáreldum.

Eldkeilur myndast við síendurtekin gos úr kringlóttu gosopi með mislöngum hléum. Hér á landi eru fjórar virkar eldkeilur: Snæfellsjökull, Öraefajökull, Eyjafjallajökull og Tindfjallajökull.

Vegna mismunandi efna í kvikunni renna hraunin mishratt. Sum hraun renna eins og vatn og hraunrennslið getur farið yfir 100 kílómetra á klukkustund. Önnur hraun renna hægt, eru þykk og með háa hraunkanta. Þau renna ekki áfram heldur mjakast hægt og sigandi.

Það er því samspil fjölmargra þátta sem ræður því hvað endanlega verður úr kvikunni sem myndaðist í iðrum jarðar. Þessir þættir ráða því hvort til verða landslagsfyrirbæri eins og til dæmis Surtsey, Herðubreið, Hekla, Skjaldbreiður, Lakagígar, Þjórsárhraun eða Kröfluhraun, svo fátt eitt sé nefnt.

Jarðsaga Íslands

Nemendabók bls. 16–17

Vinnubók bls. 9–11

Í kaflanum er farið í:

- Landslag og jarðfræði fyrir ísöld
- Landslag og jarðfræði á ísöld

Fyrir ísöld bls. 16 í grunnbók

→ Spurningar 1–2 bls. 9 og 10 í vinnubók

Teikningar – Lýsingar í texta nemendabókar ættu að vera fullnægjandi lýsingar fyrir nemendur.

→ Spurning 3 bls. 10 í vinnubók

Ísaldarjökullinn mótaði landið með því að skrapa og skafa landið þegar hann skreið fram og þannig gróf hann dali og firði í landslagið.

→ Spurning 4 bls. 11 í vinnubók

Hér er að finna lausn á stafarugli þar sem finna má nöfn níu jökla.

A	H	E	L	D	I	D	F	P	B	H	P	L	E	K	D	F	I	L
N	T	E	I	R	Í	K	S	J	Ö	K	U	L	L	O	A	S	L	H
E	F	U	Ó	A	Æ	I	B	I	M	U	T	N	P	Þ	V	U	U	R
Þ	T	L	N	N	G	E	Ö	V	F	Þ	A	D	N	B	K	F	H	F
Ó	G	E	Þ	G	T	J	H	T	G	E	Æ	A	N	Ö	D	F	S	M
R	O	P	R	A	N	G	H	R	R	I	B	F	J	B	Þ	G	N	B
I	H	R	Ó	J	J	A	O	E	D	N	G	G	Þ	I	T	E	Æ	S
S	F	N	E	Ö	D	N	F	K	K	U	N	S	R	K	S	U	F	T
J	K	P	G	K	H	S	E	M	A	L	T	R	I	O	Ö	E	I	
Ö	B	S	Þ	U	H	V	J	R	L	D	G	H	P	G	B	Æ	L	K
K	G	Æ	U	L	Æ	G	Ö	F	T	L	R	Ð	S	I	G	T	L	R
U	T	R	S	L	A	E	K	U	H	O	S	F	Þ	H	P	V	S	F
L	H	L	S	F	R	P	U	I	A	N	Þ	J	E	S	D	E	J	F
L	G	E	I	S	B	F	L	S	F	D	S	D	Ö	P	G	Ö	Ö	U
I	M	P	Ö	Æ	I	M	L	T	P	K	E	I	T	K	I	Æ	K	T
M	V	A	T	N	A	J	Ö	K	U	L	L	O	N	R	U	Ó	U	M
B	E	S	G	K	D	H	L	N	R	S	B	V	E	K	D	L	L	R
I	O	Ó	V	H	M	Ý	R	D	A	L	S	J	Ö	K	U	L	L	S
K	A	I	Þ	S	G	Æ	Ö	I	U	R	T	O	G	B	S	A	K	I
E	G	P	E	R	T	S	Ó	L	V	B	S	I	M	D	Ó	Þ	F	B

Jöklarnir eru níu: Drangajökull, Hofsjökull, Þórisjökull, Eiríksjökull, Langjökull, Vatnajökull, Snæfellsjökull, Mýrdalsjökull, Tungnafellsjökull.

Fróðleikur um ísöld

Fyrir rúmum þrem milljónum ára kólnaði mjög í veðri á Íslandi. Þá hófst ísöldin sem enn stendur yfir. Ekki er vitað af hverju það gerðist þótt margar kenningar séu uppi. Veðrið á Íslandi hefur aldrei síðan verið jafn gott og það var áður en kólnaði og ísöldin gekk í garð. Fyrst tóku jöklar að myndast á hæstu fjöllum en síðan stækkuðu þeir og stækkuðu þangað til landið var allt eða næstum allt hulið þykkum jökli.

Á ísöldinni hafa skipst á hlýskeið og jökulskeið. Á jökulskeiðunum lá stór jökull yfir öllu landinu. Á hlýskeiðunum var aftur á móti betra veður og jöklar aðeins á hæstu fjöllum.

Talið er að um 27 jökulskeið hafi orðið á Íslandi frá því ísöldin hófst og að við lifum nú á tuttugasta og sjöunda hlýskeiðinu. Jökulskeiðin hafa verið miklu lengri en hlýskeiðin. Hvert jökulskeið hefur staðið í 100.000 til 300.000 ár en hvert hlýskeið aðeins í 10.000 til 30.000 ár. Lengst af þessum þrem milljón árum sem liðin eru frá því ísöldin hófst hefur jökulskjöldur þakið allt Ísland.



Rof

Nemendabók bls. 18–19

Vinnubók bls. 12

Í kaflanum er farið í:

- Rof
- Öfl í náttúrunni sem valda rofi

→ Spurningar 1–3 bls. 12 í vinnubók

1. Þau öfl sem vinna að rofi í náttúrunni eru helst jöklar, ár, vindar, frost og öldur sjárvar.
2. Jöklarnir höfðu sorfið undirlag jarðvegsins þegar þeir skriðu fram og báru með sér grjót, möl og sand. Vegna þessa varð meiri hættu á rofi í landslaginu.
3. Gljúfur myndast á löngum tíma þegar ár og lækir grafa sig niður í landið.

Á opnunni eru þrjár myndir af Surtsey frá Landmælingum Ísland sem sýna rof. Með þeim er nokkuð aðgengilegt að útskýra fyrir nemendum hvernig aldan brýtur landið niður.

Myndband til niðurrhals af vef Námsgagnastofnunar er Surtsey – eyjan svarta

Í myndinni *Surtsey – eyjan svarta* sjáum við eyjuna verða til og rætt er við vísindamenn sem fylgdust með gosinu og hafa fylgst með þróun eyjarinnar. Myndin er stýtt útgáfa af myndinni *Eyjan svarta*, sem er heimildarmynd um 40 ára sögu Surtseyjar.

Fróðleikur

Syðsta eyjan við Ísland, Surtsey, sem myndaðist í eldgosi árið 1963 er gott dæmi um rof sjávarins. Hraun hennar hafa minnkað um meira en helming vegna rofs úthafsöldunnar. Vatn og vindur hafa rofið móbergið um miðbik eyjarinnar en ekki að nokkru marki miðað við það hvernig úthafsaldan hefur unnið á hrauninu.

Margar eyjar í Vestmannaeyjaklasanum hafa í byrjun verið líkar Surtsey. Í miðju þeirra hafa verið móbergsfjöll en hraun þar út frá. Nú er hins vegar ekkert eftir af hrauninu og aðeins móbergið eftir. Öldur hafsins eru búnar að brjóta allt hraunið niður.

Á sama hátt og úthafsaldan hefur séð um niðurróf Surtseyjar síðustu áratugina hafa öldur hafsins einnig séð að mestu um rof Íslands áður en ísöldin byrjaði.

Breytingar á umhverfi

Nemendabók bls. 20–23

Vinnubók bls. 13

Í kaflanum er farið í:

- Núverandi hlýskeið ísaldarinnar
- Landnám
- Tuttugustu öldina – tæknin berst til landsins

Núverandi hlýskeið ísaldar bls. 20 grunnbók

Nemendur gætu teikna mynd á blað út frá því sem textinn segir þeim. Það má benda þeim á að skoða myndirnar sem þeir teiknuðu á bls. 9 og 10.

Landnám bls. 21 í grunnbók

→ Spurning 1 bls. 13 í vinnubók

Skógurinn eyddist svo fljótt vegna þess að landnámsmenn þurftu að nota viðinn bæði til að brenna hann og svo þurfti að ryðja skógana til þess að hægt væri að beita búfénaði. Einnig voru unnin kol úr viðnum. Landnámsmenn smíðuðu líka verkfæri og vopn úr viðnum.

Hér væri hægt að koma af stað umræðum um skógrækt og tilgang hennar. Hvað er unnið úr skógarafurðum nú til dags? Kolefnisjöfnun bíla – hvað er það? o.fl. sem hugmyndaflugið blæs í brjóst. <http://www.kolvidur.is/Af-hverju-kolefnisjofnun/>

Tuttugasta öldin bls. 22–23 í grunnbók

→ Spurningar 2–4 bls. 13 í vinnubók

2. Fyrsta dráttarvélin kom til landsins 1918.
3. Fyrstu raforkuverin voru byggð hér á landi um 1920.
4. Menn ruddu skóginum burt og breyttu landslagi til að geta lagt vegi, byggt hús, virkjanir og stíflur og fleira. Bændur grófu skurði til að þurrka tún svo að betur gengi að rækta þau.

Fróðleikur

Síðasta jökulskeiði ísaldarinnar lauk fyrir rúmum 10.000 árum en það eru aðeins um 13.000 ár síðan jökull huldi síðast allt landið. Þetta hlýskeið kallast nútími. Á hlýskeiðum ísaldarinnar hefur bæði veður og landslag verið svipað því sem það er nú og jöklar aðeins á hæstu fjöllum.

Uppbygging og mótun landsins breyttist mjög eftir að ísöldin gekk í garð og rofið margfaldaðist þar sem jöklar og jökulár eru stórtæk við að rífa niður hraunlög.

Eldgos á jökulskeiðum ísaldarinnar bræddu sig inn í jökulinn og stundum náðu eldgosin upp úr jöklinum. Þegar glóandi heit kvika úr undirdjúpunum er að bræða sig inn í jökulinn kælist hún jafnóðum og splundrast. Þess vegna renna engin hraun en gosefnin verða með tímanum að móbergi. Þegar eldgosin náðu hins vegar upp úr jöklinum gat farið að renna hraun efst á fjallinu þar sem bræðsluvatnið úr jöklinum náði ekki lengur að kæla kvikuna. Fjöll sem svona mynduðust á jökulskeiðum ísaldarinnar eru kölluð stapar.

Jökull jökulskeiðanna skrapaði og skóf landið á leið sinni frá hábungu jökulsins út að strönd landsins. Þannig gróf jökullinn dali og firði ofan í hraunlagastaflana og mót-aði landið. Þegar svo hlýnaði í veðri og hlýskeið voru að taka við af kuldaskaiðunum þá mynduðust gífurleg jökulfljót. Þau grófu sig niður og fluttu með sér efni (möl og sand) sem síðan settist til botns og hlóðst upp þar sem jökulfljótin runnu um lág-lendi eða við ósa úti við sjóinn. Jökulfljótin sem mynduðust við lok hvers jökulskeiðs voru enn stærri og öflugri en þau sem við þekkjum á Íslandi í dag enda þurftu þau að flytja allan ísaldarjökulinn út í sjó.

Á hlýskeiðunum runnu hraun, enda jökla aðeins á hæstu fjöllum. Þá mynduðust því bæði hraun og móberg allt eftir því hvort eldgosin urðu á þurru landi eða undir jökli. Í upphafi hvers hlýskeiðs mynduðust margar dyngjur sem eru hringlaga fjöll úr hrauni. Hver dyngja myndaðist í einu stóru gosi sem stóð jafnvel áratugum saman.

Ísöldin gjörbreytti þannig landinu. Áður en ísöldin hófst mynduðust hraun í öllum eldgosum. Á jökulskeiðum ísaldarinnar myndaðist nær eingöngu móberg en á hlýskeiðum hennar mynduðust bæði hraun og móberg. Jöklarnir og jökulárnar mótuðu einnig landið þannig að það er nú gjörólíkt því sem það var fyrir ísöldina.

Austfirðir og Vestfirðir

Utan við svæðið sem eldvirkni á Íslandi er bundin við breyttist landslagið ekki svo mikið þau 9000 ár sem liðu frá því jökullinn fór og þar til Ingólfur Arnarsson kom. Skógar mynduðust, minnkuðu, stækkuðu og minnkuðu á ný eins og áður er getið. Árnar heldu áfram að grafa sig niður og bera efnið niður að sjó þar sem það settist fyrir. Skriður féllu úr bröttum hliðum en landslagið breyttist samt sem áður ekki svo mjög. Arnarfjörður, Dýrafjörður og Súgandafjörður á Vestfjörðum og Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Berufjörður á Austurlandi hafa til dæmis engum stórtækum breytingum tekið frá því jökullinn fór.

Sama á að nokkru við um höfuðborgarsvæðið. Landslagið sem við þekkjum mótaðist að mestu á jökulskeiðum ísaldarinnar. Frá því síðasta jökulskeiðinu lauk hefur landslagið hins vegar ekki breyst mikið. Útsýnið var mikið það sama og nú, Esjan, Skarðsheiði og Akrafjall öll á sínum stað. Hraun runnu yfir hluta af núverandi bæjarstaði í Garðabæ og Hafnarfirði fyrir um 7000 árum og því breyttist umhverfið þar meira en í Reykjavík og Kópavogi.

Náttúruvernd

Nemendabók bls. 24–25

Vinnubók bls. 14

Í kaflanum er farið í:

- Breytingar á landinu af manna völdum
- Náttúruvernd
- Mengun
- Friðlýsingu staða

Í tengslum við þennan kafla er upplagt að ræða náttúruvernd í víðu samhengi. Hvað er mengun og hvað getum við gert til að bæta ástandið í umhverfismálum? Jafnvel væri hægt að vinna hópverkefni út frá þessu efni, t.d um mengun, sorp eða endurvinnslu. Mikill fróðleikur er á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <http://www.ust.is/Natturuvernd/>

→ Spurningar 1–4 bls. 14 í vinnubók

1. Í hugtakinu náttúruvernd felst að hlífa viðkvæmu og sérstöku landi fyrir byggingum og öðrum áhrifum mannsins. Það er átt við það að lifa í sátt og samlyndi við landið og náttúruna og nýta landið án þess að skemma það eða breyta því.
2. Mengun er hugtak sem nær yfir mjög margt og snýst um óæskileg áhrif mannsins á náttúruna. Einnig getur náttúran mengast af öðrum orsökum, t.d. vegna eldgosa. Mengun getur verið í lofti, vatni, ám, vötnum, sjó, jarðvegi og umhverfinu almennt.
3. Þarna er margt sem hægt er að telja upp eins og til dæmis áhrif á lífríkið allt, fiska, fugla og önnur dýr. Áhrif á drykkjarvatn, lofthjúpinn, jarðveginn, árnar, vötnin, sjóinn og umhverfið almennt.
4. Friðlýsing er aðferð til að varðveita landslag, lífríki og sérstaka jarðmyndun. Þetta er gert til að komandi kynslóðir geti notið þeirrar náttúru eins og við sem nú lifum.

Auðlindir

Nemendabók bls. 26–29

Vinnubók bls. 15

Í kaflanum er farið í:

- Hafið og nýtingu þess
- Jarðhita
- Jarðhitasvæði
- Vatnsafl

Hér er spennandi að taka fyrir umræður um sérstöðu Íslands varðandi auðlindir. Hvernig nemendur telja best að nýta þær og hvað ber að varast í umgengni við auðlindir okkar. Verða auðlindir okkar endalaust til? Hvað þarf að gera til að vernda þær og svo framvegis.

→ Spurningar 1–4 bls. 15 í vinnubók

1. Það er mikill jarðhiti á Íslandi vegna þess hversu stutt er niður á glóandi berg undir landinu. Vatn seitlar niður í berggrunninn og hitnar og kemur upp um glufur og sprungur þegar það er orðið mjög heitt.
2. Árið 1928 var boruð borhola við Þvottalaugarnar í Reykjavík og þaðan var lögð hitaveita sem gat hitað upp Landspítalann, Austurbæjarskóla og 60 íbúðarhús.
3. Íslendingar eiga auðlindir eins og gjöful fiskimið, jarðhita og vatnsorku. Fiskinn seljum við ýmist unninn eða óunninn úr landi, kyndum húsin okkar með jarðhita og nýtum okkur árnar þegar við virkjum þær til að framleiða raforku.
4. Kárahnjúkavirkjun er stærsta virkjun landsins.

Landshlutar – Vesturland

Nemendabók bls. 31–37

Vinnubók bls. 16–20



Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði
- Sögustaði
- Friðlýst svæði og þjóðgarða

→ Spurning 1 bls. 16 í vinnubók

Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 10 staðir til að merkja inn en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.

→ Spurningar 2–9 bls. 17 og 18 í vinnubók

Nemendur verða að hafa *Kortabók* við höndina vegna spurninga 3 og 7 og mælt er með að lesa vel alla hliðarramma og skoða myndir og myndatexta gaumgæfilega.

2. Benda þarf nemendum á að lesa upphaf kaflans bls. 31 og skoða kort í *Kortabók*. Gott að kenna nemendum hugtök eins og vogskorið, hálent, lágrent, sendið, firðir, flóar, nes, vogar og jöklar.
3. Hér eru nemendur beðnir að nefna fjögur fjöll en í bókinni eru aðeins nefnd þrjú. Esjan, Hvalfell og Kirkjufell í texta en Baula er á mynd. Það fjórða þarf að finna á korti. Þá er gott að benda á litina í kortinu aftur, þ.e. hvað er hálendi og láglandi.
4. Meðal þeirra vatna sem finna má í *Kortabók* eru; Hvalvatn, Skorradalsvatn, Haukadalsvatn og Hreðavatn.
5. Glymur í Botnsá er um 200 m. hár.
6. Hér þarf eflaust að útskýra hvað þýðir „að ganga inn úr“. Dalir Borgarfjarðar kallast einu nafni Borgarfjarðardalur en þeir eru; Skorradalur, Lundarreykjadalur, Flókadalur, Reykholtaldalur, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur.
7. Snæfellsjökull, annar jökull er ekki nefndur í bókinni en nemendur geta t.d. fundið fleiri jökla í *Kortabókinni* á korti bls. 2–3, 4–5 eða 6–7. Mætti t.d. nefna Ok og Þórisjökul.
8. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 2001.
9. Hellissandur, Rif, Ólafsvík, Grundarfjörður og Stykkishólmur.

→ Spurning 10 bls. 18 í vinnubók

Nemendur velja sér einn þeirra þéttbýlisstaða sem eru á norðanverðu Snæfellsnesi og skrifa um hann. Hér er hægt að styðjast við Kortavefsjá Námsgagnastofnunar eða finna fróðleik á Netinu um þessa staði ef nemendur hafa aðgang að tölvu. Tilvalið að samþætta upplýsingamennt og landafræði í þessu verkefni.

Ítarefni tengt Vesturlandi

Þjóðsögur sem tengjast Vesturlandi sem finna má í pdf skjali með kennsluleiðbeiningum.

- Rauðhöfði
- Tungustapi

Hér er slóð á fróðlegan vef þar sem hægt er að finna fjölda skemmtilegra þjóðsagna.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Fræðslumyndir hjá Námsgagnastofnun á síðunni www.nams.is

Landshorna á milli – Vesturland og Vestfirðir.

Kristnihlald undir Jökli – bíómynd í fullri lengd eftir sögu Halldórs Laxness.

Þjóðgarðurinn Snæfellsnesjökull

<http://www.ust.is/Naturuvernd/Thjodgardar/>



Landshlutar – Vestfirðir

Nemendabók bls. 38–43

Vinnubók bls. 20–24



Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði
- Friðlönd

→ Spurning 1 bls. 21 í vinnubók

Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 10 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.

→ Spurningar 2–8 á bls. 22 í vinnubók


Nemendur verða að hafa *Kortabók* við höndina og mælt er með að lesa vel alla hliðarramma og skoða vel myndir og myndatexta.

2. Nemendur finna svarið í upphafi kaflans á bls. 38 eða með því að skoða kort í *Kortabók*. Gott að kenna nemendum hugtök eins og vogskorið, hálent, láglent, sendið, firðir, flóar, nes, vogar og jöklar.
3. Patreksfjörður og Tálknafjörður.
4. Jón Sigurðsson (Hrafn Sveinbjarnarson).
5. Drangajökull og hann er 200 ferkílómetrar að stærð.
6. Vatnsfjörður og Hornstrandir.
7. Kaldbakur er hæsta fjallið en Bjargtangar er vestasti oddi landsins.
8. Reykhólar – Guðmundur ríki.
Skógar í Þorskafirði – Matthías Jochumsson.
Kaldbakur – hlaðin varða.
Vigur – eyja.
Hornbjarg – sjófugl.

Landshlutar – Norðurland vestra

Nemendabók bls. 44–49

Vinnubók bls. 25–29



Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði
- Sögustaði
- Friðlýst svæði

→ Spurning 1 bls. 25 í vinnubók

Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 10 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.

→ Spurningar 2–17 bls. 26 og 27 í vinnubók

2. Benda nemendum á að lesa upphaf kaflans bls. 44 og skoða kort í *Kortabók*.
3. Skoða kort í *Kortabók*, t.d. Hvammstangi, Blönduós, Skagaströnd.
4. Þær ár sem meðal annars má finna á Norðurlandi vestra eru Víðidalssá, Miðfjarðará, Laxá á Ásum, Blanda, Svartá.
5. a) Hvítserkur er 15 metra hár bergdrangur í Húnaafirði.
b) Borgarvirki er 10–15 metra hár gosstapi sem var notaður sem virki í gamla daga.
c) Vatnsdalshólar er sérkennileg hólapyrping og hólarnir eru óteljandi.
d) Blanda er jökulá sem rennur úr Hofsjökli
6. Þessi sögufræga bygging er kirkjan á Þingeyrum sem byggð var 1864–1877. Sjá bls. 46.
7. Blanda á upptök sín í Hofsjökli. Hún rennur til sjávar um Blönduós og fellur í Húnaflóa.
8. Drangey og Málmey.
9. Sauðárkrókur.
10. Það er landbúnaðarháskóli á Hólum.
11. Hallgrímur Pétursson. Svarið við þessari spurningu er í kassanum á bls. 48.
12. Hofsóss er einn elsti verslunarstaður á Norðurlandi vestra.
13. Siglufjörður.
14. Hólar í Hjaltadal – Biskupsstóll settur 1106.
Friðlýst svæði – Miklavatn.
Glaumbær – Torfbær þar sem nú er byggðasafn.
Nunnuklaustur – Reynisstaður.

15. Í þessari spuningu er nauðsynlegt að lesa fróðleikinn í grænu römmunum.
 Flugumýri – Gissur Þorvaldsson.
 Bóla – Bólu Hjálmar.
 Drangey – Grettir Ásmundarson.
 Viðimýri – Snorri Þorfinnsson.
 Glaumbær – Gissur Þorvaldsson.
 Hólar – Jón Ögmundsson.

→ **Spurning 16**

Við lausn krossgátunnar er gott að hafa *Kortabókina* til stuðnings með námsbókinni. Mikilvægt er að skoða vel grænu rammana líka, sjá svör 11 og 12.

				⁴ D	⁵ T					⁹ H	¹⁰ H	¹¹ F	
				R	I					Ó	É	L	
				A	N	⁶ H	⁷ F	⁸ B	L	R	U		
	² S	³ L	N	D	Ö	L	L	A	A	G	¹² G		
¹ S	K	A	G	A	F	J	Ö	R	Ð	U	R		
I	A	N	E	S	Ð	Ó	N		S	M	Ö		
G	G	G	Y	T	A	T	D		V	Ý	F		
L	A	J		Ó	S		U		Ö	R			
U	S	Ö		L	T		Ó		T	I			
F	T	K		L	R		S		N				
J	R	U			Ö								
Ö	Ö	L			N								
R	N	L			D								
Ð	D												
U													
R													

LYKILORDIÐ

Lykilorðið er Skagafjörður.

→ **Spurning 17 bls. 29 í vinnubók**

Hér er hægt að styðjast við Kortavefsjá Námsgagnastofnunar og finna fróðleik á Netinu um þessa staði ef nemendur hafa aðgang að tölvu. Tilvalið að samþætta upplýsinga-
mennt og landafræði í þessu verkefni.



Landshlutar – Norðurland eystra

Nemendabók bls. 50–57

Vinnubók bls. 30–33

Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði
- Sögustaði
- Þjóðgarða og friðlönd



Ábending:

Á bls. 50 í nemendabókinni eru nefndir þeir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og Jónas Hallgrímsson. Á vefnum *Dagur íslenskrar tungu* á vefsíðu Námsgagnastofnunar er að finna fróðleik og verkefni tengd þessum skáldum. http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/index.htm

→ Spurning 1 bls. 30 í vinnubók


Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 13 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.

→ Spurningar 2–7 bls. 31 í vinnubók

2. Benda nemendum á að lesa upphaf kaflans á bls. 50 og skoða kort í *Kortabók*.
3. Aldeyjarfoss og Goðafoss.
4. Talið er að mikið flóð í ánni hafi grafið gljúfrin.
5. Þetta eru fossarnir; Dettifoss, Hafragilsfoss, Réttarfoss, Vígabjargfoss. Svarið við þessari spurningu má finna í *Kortabókinni*.
6. Í Grímsey er nyrsta byggð á Íslandi.
7. Fagriskógur við Eyjafjörð – Davíð Stefánsson.
Dagur íslenskrar tungu – Jónas Hallgrímsson.
Landnámsmaður – Náttfari.
Kristnitakan árið 1000 – Þorgeir Ljósvetningagoði.

→ **Spurning 8 bls. 32 í vinnubók**

Við lausn krossgátunnar er gott að hafa *Kortabókina* til stuðnings með námsbókinni. Mikilvægt er að skoða vel grænu rammana.



Lausnarorðið er Kverkfjöll.

→ **Spurning 9 bls. 32 í vinnubók**

Önnur stærsta eyja Íslands heitir Hrísey.

→ **Spurning 10 bls. 33 í vinnubók**

Dettifoss er vatnsmesti foss landsins.

Ábending:

Í bókunum *Hólar*, *Skálholt* og *Þingvellir* sem gefin er út af Námsgagnastofnun, er fjallað um kristnitökuna árið 1000.

→ **Spurning 11 bls. 33 í vinnubók**

Hér er hægt að styðjast við Kortavefsjá Námsgagnastofnunar og finna fróðleik á Netinu um þessa staði ef nemendur hafa aðgang að tölvu. Tilvalið að samþætta upplýsingamennt og landafræði í þessu verkefni.

Fróðleikur

Mývatnssveit

Mývatnssveit á Norðurlandi eystra er líklega sú sveit á landinu sem hvað mest hefur breyst á þeim 10.000 árum frá því jökullinn fór. Í langan tíma, eða í um 200.000 ár, þar á undan haldi jökull alla sveitina. Þá blasti aðeins við hvít og kuldaleg hjarnbreiða jökulsins. Þegar jökullinn fór stóð eftir grýtt, grá og lífvana eyðimörk þar sem jökulgarðar voru áberandi og einnig ýmis önnur form í landslaginu sem jöklar skilja eftir sig þegar þeir hverfa.

Brátt tóku hraun að renna til Mývatnssveitar sunnan frá Ódáðahrauni en eldvirkni varð strax mikil eftir að jökullinn hvarf. Myndaðist þar hver dyngjan af annarri, sumar mjög stórar svo sem Trölladyngja, Kollóttadyngja og Kerlingardyngja. Hraunin sem runnu til sveitarinnar eyddu jafnóðum hluta af skóginum sem þar var að vaxa upp. Mikið eldgos varð í sveitinni fyrir um 8000 árum og myndaðist þá gígur sem nú heitir Lúdent.

Eldgos breyttu þó ekki landslagi í Mývatnssveit á afgerandi hátt fyrr en fyrir um 3500 árum. Þá var mikið dyngjugos austan við Bláfell og Ketildyngja hlóðst upp. Hraun frá henni runnu niður í Mývatnssveit og breiddust yfir suðurhluta sveitarinnar. Fagur birkiskógur varð víðast á vegi hraunsins sem eyddi honum öllum. Hraunið rann áfram niður Laxárdal og breiddi úr sér í Aðaldal inn af Skjálfandaflóa. Þótt hraunið hafi orðið til þess að fyrsti vísirinn að Mývatni myndaðist hafði Mývatnssveit breyst mjög. Í stað græna birkiskógarins þakti nú svart hraunið mikinn hluta sveitarinnar.

Hraunið klæddist þó smám saman gróðri á ný og skógur myndaðist enda enn þá langt í að maðurinn og húsdýr hans kæmu í sveitina. Í eldfjallinu Heklu á Suðurlandi varð gífurlegt sprengigos fyrir um 2800 árum. Mikið af hvítri ösku kom upp úr fjallinu. Askan barst með vindi yfir landið og varð Mývatnssveit í miðjum öskugeiranum. Mývatnssveit varð þá eyðimörk á ný, en nú hvít. Hvít askan greri þó upp á fáum árum.

Fyrir um 2500 árum hófst enn eitt eldgos í Mývatnssveit. Var það stutt en mikið sprengigos og Hverfjall myndaðist á aðeins nokkrum dögum. Fjallið, sem er hringlaga kringum gosopið, rís um 150 metra yfir umhverfi sitt og setur mikinn svip á sveitina.

Aðeins um 500 árum eftir að Hverfjall myndaðist varð enn eldgos í Mývatnssveit. Landið rifnaði á löngum kafla þar sem nú heita Þrengslaborgir. Hraunið flæddi yfir Mývatnssveit og þakti landið frá Þrengslaborgum að Mývatni. Það rann einnig út í vatnið og fyllti það. Áfram rann hraunið niður Laxárdal og breiddi úr sér í Aðaldal. Í þessu hrauni, Þrengslaborgarhrauni, eru Dimmuborgir. Þar eru sérkennilegar hraunmyndanir sem vart eiga sinn líka á jörðinni. Gervigígar Mývatnssveitar og eyjarnar í Mývatni mynduðust í þessu eldgosi.

Að gosinu loknu var Mývatnssveit orðin að þeirri undraveröld sem nú laðar að ferðafólki. Á nokkrum öldum klæddist hraunið gróðri þar til landslagið í Mývatnssveit var orðið eins og við þekkjum það í dag.

Eldgos hafa þó orðið eftir þetta í Mývatnssveit. Mývatnseldar á árunum 1724–1729 og Kröflueldar árin 1975–1984. Þrátt fyrir töluvert hraunrennsli í þessum eldgosum höfðu þau ekki afgerandi áhrif á landslag í sveitinni.

Ítarefni tengt Norðurlandi

Þjóðsögur sem tengjast Norðurlandi sem finna má í pdf skjali með kennsluleiðbeiningum.

- Grímseyingurinn og bjarndýrið – ítarefni
- Óskasteinninn í Tindastóli – ítarefni
- Djákninn á Myrká – ítarefni
- Vígð Drangey – ítarefni

Bakkabræður <http://www.nams.is/dagsins/bakka.htm>

Hér má finna slóð á þjóðsögur úr Skagafirði.

http://fjola.konni.com/s/index.php?option=com_content&task=view&id=33&Itemid=43

Hér er slóð á fróðlegan vef þar sem hægt er að finna fjölda skemmtilegra þjóðsagna.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Fræðslumyndir um Norðurland í eigu Námsgagnastofnunar – Sjá á vef [nams.is](http://www.nams.is)

Landshorna á milli Norðurland.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum

<http://www.ust.is/Natturuvernd/Thjodgardar/>



Landshlutar – Austurland

Nemendabók bls. 58–65

Vinnubók bls. 34–37

Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði
- Sögustaði
- Þjóðgarða og friðlönd

→ Spurning 1 á bls. 34 í vinnubók.

Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 15 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.



→ Spurningar 2–7 bls. 35 í vinnubók

2. Benda nemendum á að lesa upphaf kaflans á bls. 50 og skoða kort í *Kortabók*.
3. Þéttbýlisstaðir við samnefnda firði eru t.d. Reyðarfjörður, Stöðvarfjörður, Eskifjörður, Seyðisfjörður.
4. Jökusá á Brú, Lagarfljót, Jökulsá í Lóni, Skeiðará, Hornafjarðarfljót og fleiri.
5. Hallormsstaðaskógur.
6. Hreindýr er að finna á Austurlandi.
7. Neskaupstaður.
8. Í Örafajökli, sem er hæsta fjall landsins, er Hvannadalshnjúkur hæsti tindurinn, alls 2110 metra hár. Örafajökull er hluti af Vatnajökli.

→ **Spurning 9 bls. 36 í vinnubók**

Hér er að finna lausn á stafarugli þar sem hægt er að finna svör við spurningum um Austurland

- | | |
|----------------------|-------------------|
| a. Hvannadalshnjúkur | f. Neskaupstaður |
| b. Vatnajökull | g. Bakkagerði |
| c. Lagarfljót | h. Skriðuklaustur |
| d. Skaftafell | i. Selá |
| e. Jökulsárlón | |

A	D	K	E	D	F	B	O	V	I	H	F	M	D	J	L	F
H	H	S	R	U	T	S	U	A	L	K	U	Ð	I	R	K	S
J	V	K	I	N	I	E	J	T	E	N	L	Ó	E	L	P	N
Ö	L	A	J	K	R	Á	K	N	H	B	M	J	Á	L	I	S
K	E	F	N	P	F	B	L	A	S	R	S	U	A	K	N	M
U	M	T	E	N	L	A	D	J	V	H	S	G	N	S	E	U
L	G	A	B	T	A	M	O	Ö	M	N	A	T	R	P	S	I
S	H	F	N	G	R	D	J	K	V	R	K	V	Æ	O	K	F
Á	K	E	O	L	T	P	A	U	F	V	N	A	Þ	U	A	T
R	Á	L	E	S	G	A	J	L	G	I	B	K	E	H	U	M
L	N	L	Ó	T	F	Ú	J	L	S	Æ	G	Þ	A	Æ	P	S
Ó	M	E	Á	A	U	Ó	D	P	T	H	Ú	A	S	V	S	R
N	K	O	R	B	T	N	J	U	Þ	K	N	Þ	B	R	T	H
E	J	B	A	K	K	A	G	E	R	Ð	I	Ú	T	O	A	K
B	H	L	S	U	R	Þ	V	T	H	L	L	Ú	K	M	Ð	E
L	A	P	G	J	H	F	Æ	A	K	S	Ó	H	Æ	U	U	I
E	K	N	Á	S	N	Ó	L	S	L	Á	H	I	M	Þ	R	H
H	J	M	A	K	F	M	B	P	D	R	M	D	L	D	T	R

→ **Spurningar 10–12 bls. 37 í vinnubók**

- Skaftafell er stærsti þjóðgarður í Evrópu. Vatnajökulsþjóðgarður er samheiti yfir stórt friðlýst svæði og innan hans er þjóðgarðurinn í Skaftafelli. Einnig tilheyrir honum svæði norðan Vatnajökuls sem heitir Jökulsárgljúfur. Lónsöræfi eru sömuleiðis friðland.
- Gunnar Gunnarsson bjó að Skriðuklaustri.
- Hér er hægt að styðjast við Kortavefsjá Námsgagnastofnunar og finna fróðleik á Netinu um þessa staði ef nemendur hafa aðgang að tölvu. Tilvalið að samþætta upplýsingamennt og landafræði í þessu verkefni.



Fróðleikur um Austurland

Til sveitarinnar upp af Hornafirði teygja sig margir litlir skriðjökklar norður frá Vatnajökli. Einna stærstir eru Hoffellsjökull, Fláajökull, Heinabergsjökull og Skálafellsjökull. Vegir liggja að Fláajökli og Skálafellsjökli.

Upp frá Svínafelli er Svínafellsheiði. Þar eru setlög úr fínkorna sandsteini sem sest hefur til í stöðuvatni. Í setinu er mikið um steingervinga, blaðför af ýmsum tegundum sem fallið hafa í vatnið á einhverju af síðustu hlýskeiðum ísaldarinnar.

Ítarefni tengt Austurlandi

Þjóðsögur tengdar Austfjörðum sem finna má í pdf skjali með kennsluleiðbeiningum.

- Lagarfljótsormurinn – ítarefni
- Naddi – ítarefni

Hér er slóð á fróðlegan vef þar sem hægt er að finna fjölda skemmtilegra þjóðsagna.
<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Fræðslumyndir um Austurland í eigu Námsgagnastofnunar – Sjá á vef nams.is
Landshorna á milli – Austurland og Suðausturland.

Landshlutar – Suðurland

Nemendabók bls. 66–77

Vinnubók bls. 38–43

Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði
- Sögustaði
- Þjóðgarða og friðlönd



→ Spurning 1 bls. 38 í vinnubókinni

Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 15 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkjá. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.

→ Spurningar 2–15 bls. 39 til 41 í vinnubókinni

2. Nemendur finna svarið í byrjun kaflans á bls. 66 eða með því að skoða kort í *Kortabók*.
3. Jöklar eru alltaf að bráðna og þá safnast vatnið í lón undir jöklinum eins og til dæmis Grænalón. Vatnsmagnið eykst og að lokum verður þrýstingurinn svo mikill að vatninu tekst að lyfta jöklinum aðeins upp þannig að lónin sem hafa myndast undir jöklinum tæmast. Þá er talað um jökulhlaup.
4. Í grænum ramma á bls. 66 er hægt að lesa um Skaftárelda sem stóðu frá 8. júní 1783 til 7. febrúar 1784 þannig að gosið stóð yfir í átta mánuði.
5. Katla er í Mýrdalsjökli.
6. Eldgosi í Kötlu geta fylgt mikil flóð og rétt undir jöklinum er bærinn Vík.
7. Fimmvörðuháls heitir leiðin sem gengin er frá Skógum í Þórsmörk.
8. Þórsmörk.
9. Háifoss og Granni.
10. Þing var haldið á Þingvöllum í rúmlega átta og hálföld. Það er frá 930–1798.
11. Þingvallavatn er næststærsta vatn landsins, um 83 km². Þórisvatn er stærst núna en áður var það næststærsta náttúrulega stöðuvatn landsins þar til það varð að miðlunarlóni fyrir virkjanir á Tungnaár- og Þjórsársvæðinu. Flatarmál þess var u.þ.b. 70 km² en nú er það breytilegt eftir vatnsbúskapnum á söfnunarsvæði þess og getur orðið allt að 86 km².
12. Ölfusá er vatnsmesta á landsins. Á heimasíðu Orkustofnunar er hægt að skoða niðurstöður vatnamælinga á rennsli vatnsfalla víðs vegar um landið. Þar kemur fram að meðalrennsli Ölfusár við Selfoss er 400 rúmmetrar á sekúndu (m³/s) á 44 ára tímabili. Næstvatnsmesta á landsins er Þjórsá en samkvæmt sömu heimild er meðalrennsli hennar við Urriðafoss 363 m³/s.
13. Fjallið sem myndaðist í eldgosinu í Vestmannaeyjum heitir Eldfell.

→ Spurning 19 bls. 43 í vinnubók

Hér er hægt að styðjast við Kortavefsjá Námsgagnastofnunar og finna fróðleik á Netinu um þessa staði ef nemendur hafa aðgang að tölvu. Tilvalið að samþætta upplýsingamennt og landafræði í þessu verkefni.

Fróðleikur um Suðurland

Í Bæjarstaðarskógi eru birkitrén einstaklega beinvaxin og með þeim hæstu á Íslandi, allt að 12 metrar á hæð. Þjónustumiðstöð er í Skaftafelli þar sem fræðast má um náttúru og sögu Skaftafells.

Núpsstaður er bær vestan Lómagnúps. Bæjarhúsin á Núpsstað vekja athygli enda hafa þau lítið breyst frá því um aldamótin 1800. Þar er kirkjan á staðnum engin undantekning. Hún er oft kölluð Bænhúsið á Núpsstað. Guðshúsið er torfhlaðið og líklega minnsta kirkja landsins. Hún var byggð um miðja 17. öld og er elsta guðshús á Íslandi.

Upp af Reynisfjalli er Heiðardalur. Þar er Heiðarvatn, tæpir tveir ferkílómetrar að flatarmáli. Í vatninu er góð veiði, bæði lax, bleikja og urriði.

Frá Keldum liggur Fjallabaksleið syðri upp til Friðlands að fjallbaki og norður fyrir Mýrdalsjökul.

Heklugos

Eldgos varð nokkru austan við fjallið árið 1913. Stórgos varð svo í Heklu árið 1947 og aftur mikið eldgos, svokallað Skjólkvíagos, árið 1970. Áratug síðar, árið 1980, varð enn gos í Heklu og aftur árið eftir. Sjötta eldgos Heklu á síðustu öld hófst um miðjan janúar 1991. Þá hófst eldgos í Heklu 26. febrúar árið 2000 og stóð í ellefu daga.

Haukadalur er í eigu Skógræktar ríkisins og þar hefur verið unnið að skógrækt og uppgræðslu allt frá árinu 1938. Upp frá Haukadali liggur jeppaslóð inn á Haukadalsheiði og þaðan áfram upp til öræfanna sunnan Langjökuls.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður árið 1928. Kveðið var á um að Þingvellir við Öxará skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, hið friðlýsta land skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar undir vernd Alþingis og landið megi aldrei selja eða veðsetja. Kjarrivaxið hraun er áberandi í Þingvallasveit.

Þingvallavatn er næst stærsta stöðuvatn landsins, 83 ferkílómetrar. Yfirborð þess er 103 metra yfir sjávarmáli en mesta dýpi þess er 114 metrar. Vatnið nær því um 11 metra undir sjávarmál.

Við upphaf gossins í Heimaey voru þar 1345 íbúðarhús og um 5300 íbúar. Undir ösku og hraun grófust um 400 hús og önnur 400 skemmdust. Allur bærinn var undirlagður ösku og eimyrju í marga mánuði.

Við kaupstaðinn í Vestmannaeyjum er minnisvarði um Guðríði Símonardóttur, Tyrkja – Guddu sem var kona Hallgríms Péturssonar. Þar er líka minnisvarði um séra Jón píslarvott, prest á Kirkjubæ, sem hálhöggvinn var af blóðþyrstum sjóræningjunum að eiginkonu sinni og börnum ásjáandi. Í kaupstaðnum eru merkileg söfn og fjölbreytt ferðaþjónusta.

Ítarefni tengt Suðurlandi

Þjóðsögur tengdar Suðurlandi sem finna má í pdf skjali með kennsluleiðbeiningum.

- Kirkjusmiðurinn á Reyn – ítarefni
- Kölski er í fjósi – ítarefni
- Nám Sæmundar fróða – ítarefni
- Tröllkonan í Skaftafelli – ítarefni

Sögur af Sæmundi fróða: http://www.ismennt.is/vefir/skripi/gald/gj_sksag.htm

Hér er slóð á fróðlegan vef þar sem hægt er að finna fjölda skemmtilegra þjóðsagna.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Fræðslumyndir í eigu Námsgagnastofnunar – Sjá á vef nams.is

Landshorna á milli – Austurland og Suðausturland.

Landshorna á milli – Suðvesturland.

Þjóðgarðurinn Þingvöllum

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli

<http://www.ust.is/Natturuvernd/Thjodgardar/>



Landshlutar – Suðurnes

Nemendabók bls. 78–79

Vinnubók bls. 44–46



Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Afmörkun
- Helstu örnefni og kennileiti
- Þéttbýlisstaði

→ Spurning 1–7 bls. 45 í vinnubókinni

1. Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 10 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.
2. Nemendur finna svarið í byrjun kaflans á bls. 78 eða með því að skoða kort í *Kortabók*.
3. Stærstu þéttbýlisstaðir á Suðurnesjum eru Keflavík og Njarðvík, sem nú eru eitt sveitarfélag sem heitir Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar.
4. Stærsta stöðuvatn á Suðurnesjum heitir Kleifarvatn.
5. Þorbjarnarfell er fjall sem í daglegu tali er kallað Þorbjörn. Uppi á því fjalli er gjá sem kallast Þjófagjá eftir 15 þjófum sem höfðust þar við og stálu fé af Grindvíkingum. Að lokum tókst að yfirbuga þá.
6. Flugstöð Leifs Eiríkssonar er á Miðnesheiði.
7. Á Suðurnesjum er Bláa lónið, einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.

→ Spurning 8 bls. 46 í vinnubókinni

Hér er að finna lausn á stafarugli þar sem eru svör við spurningum um Suðurnes. Mikilvægt er að skoða myndir með þessu verkefni.

- Stærsta stöðuvatn á Suðurnesjum er **Kleifarvatn** og hefur Arnaldur Indriðason samið bók sem heitir eftir þessu vatni.
- Keilir** er strýtumyndað fjall á Suðurnesjum.
- Svartsengi** er orkuver við Bláa lónið.
- Reykjanesbær** er heiti tveggja bæja sem hafa sameinast.
- Miðnesheiði**.
- Eldey** – sjá mynd á síðu 79.
- Grindavík**.

M	H	E	E	K	F	E	P	I	U	T	Þ	T	J	S
J	G	H	Y	J	K	E	I	L	I	R	H	G	R	R
K	F	Y	U	H	L	I	S	Ð	U	P	L	F	E	E
G	H	T	I	G	E	H	G	Æ	E	G	O	D	Y	Y
D	L	R	O	R	I	G	K	G	F	K	U	U	I	K
E	M	E	P	E	F	F	U	F	T	F	P	Y	P	J
U	I	C	Ð	D	A	R	Y	D	R	P	H	T	G	A
O	Ð	D	B	F	R	U	T	G	E	H	O	J	R	N
P	N	E	F	T	V	I	R	R	U	G	U	K	E	E
Ð	E	Æ	S	U	A	R	E	I	I	F	P	U	L	S
Æ	S	V	A	R	T	S	E	N	G	I	K	D	D	B
Þ	H	Ö	E	O	N	M	H	D	I	I	E	L	E	Æ
H	E	R	R	P	T	J	T	A	L	Y	P	S	Y	R
F	I	E	T	Ð	U	H	Y	V	O	T	U	D	U	G
R	Ð	S	U	B	O	R	P	Í	J	O	H	F	P	R
H	I	B	Þ	F	P	E	Æ	K	Y	Ð	K	T	Æ	T

Fróðleikur um Suðurnes

Í ritinu *Landið þitt – Ísland* telja þeir Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón að nafnið Suðurnes sé upphaflega komið frá vermönnum, helst Norðlendingum, og hafi verið notað um Rosmhvalanes, Álftanes og Seltjarnarnes til aðgreiningar frá Akranesi og Kjalarnesi. Þeir segja einnig að talið sé að Þorvaldur Thoroddsen hafi fyrstur nefnt svæðið suðvestan Hafnarfjarðar Reykjanesskaga.



Á fyrri hluta 20. aldar taldist nafnið Suðurnes ná frá Vatnsleysuströnd að Garðskaga og þaðan alla leið til Krisuvíkur. Síðan hefur þessi notkun fest sig í sessi.

Það má því segja að fyrr á tímum hafi verið gerður skýr greinarmunur á Reykjanesi og Suðurnesjum þar sem það fyrrnefnda var „hællinn“ á skaganum en það síðarnefnda „táin“, en í dag sé nokkurn veginn um sama svæði að ræða.

Reykjanesfólkvangur var friðlýstur árið 1975. Mörg jarðhitasvæði og margs konar náttúruminjar eru innan fólkvangsins. Eldfjöll eru mörg, einkum litlar hraundyngjur og gossprungur. Einnig er mikið um gosmyndanir frá því á jökulskeiðum ísaldarinnar, móbergsfjöll og stapa.

Ítarefni tengt Suðurnesjum

Þjóðsögur sem tengjast Suðurnesjum sem finna má í pdf skjali með kennsluleiðbeiningum.

- Marbendill – ítarefni

Fleiri sögur er að finna á vefnum: http://bokasafn.rnb.is/default.asp?cat_id=81
Hér er slóð á fróðlegan vef þar sem hægt er að finna fjölda skemmtilegra þjóðsagna.
<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Landshlutar – Höfuðborgarsvæðið

Nemendabók bls. 80–83

Vinnubók bls. 47–49

Í kaflanum er fjallað um:

- Afmörkun
- Höfuðborgarsvæðið – næstu sveitarfélög
- Helstu örnefni og kennileiti
- Mannvirki og merkar byggingar

→ Spurning 1 bls. 47 í vinnubókinni

Þeir bæir sem tilheyra höfuðborgarsvæðinu eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes.

→ Spurningar 2–3 bls. 47 í vinnubókinni

Til að fá nýjar upplýsingar um fólksfjölda á Íslandi er best að fara á vef Hagstofunnar www.hagstofa.is

Fjöldi íbúa á landinu í desember 2008 samkvæmt tölum Hagstofu

Landið allt	319.756
Höfuðborgarsvæðið	201.585
Suðurnes	21.564
Vesturland	15.720
Vestfirðir	7.374
Norðurland vestra	7.395
Norðurland eystra	29.060
Austurland	12.882
Suðurland	21.564

→ Spurningar 4–9 bls. 47 í vinnubókinni

4. Reykjavík fékk kaupstaðaréttindi 18. ágúst 1786.
5. Stærstu eyjar á Kollafirði heita Engey og Viðey.
6. Bessastaðir á Álftanesi eru nú forsetasetur og kirkjustaður og jafnframt gamalt höfuðból. Þar hafa höfðingjar átt heima eins og Snorri Sturluson, Grímur Thomsen og fleiri. Þar var líka einu sinni skóli.
7. Hæsta fjall sem sést frá Reykjavík er Snæfellsjökull en hann er 1446 metrar yfir sjó. Esjan er hins vegar rúmum 900 metrar.
8. Í vinnubók vantar spurninguna.
9. Sagan segir að landnámsmenn hafi séð gufu stíga upp úr jörðu.

→ Spurning 10. Mynd af bls. 48 úr vinnubók og merkja tölur inn í reitina

Alþingishúsið	4	Nesstofa	5	Perlan	12
Bessastaðir	6	Stjórnarráðið	1	Þjóðleikhúsið	8
Menntaskólinn í Reykjavík	2	Landakotskirkja	10	Þjóðmenningarhúsið	9
Dómkirkjan	3			Hallgrímskirkja	11
Háskóli Íslands	7				



4.



5.



12.



6.



1.



8.



2.



10.



9.



3.



11.



7.

→ Spurning 11 bls. 49 í vinnubókinni

Við lausn krossgátunnar er gott að hafa *Kortabókina* til stuðnings með námsbókinni. Mikilvægt er líka að lesa grænu rammana og skoða myndirnar.

Fjall og skíðasvæði við Reykjavík	B	L	Á	F	J	Ö	L	L					
Gamalt hús	N	E	S	S	T	O	F	A					
Nes með þéttri byggð	S	E	L	T	J	A	R	N	A	R	N	E	S
Fjörður þakinn skerjum	S	K	E	R	J	A	F	J	Ö	R	Ð	U	R
Flói	F	A	X	A	F	L	Ó	I					
Fjall í nágrenni Reykjavíkur	E	S	J	A									
Fyrrum fangelsi	S	T	J	Ó	R	N	A	R	R	Á	Ð	I	Ð
Dalur með heitum laugum	L	A	U	G	A	R	D	A	L	U	R		
Eyja þar sem var klaustur	V	I	Ð	E	Y								
Nam land í Reykjavík	I	N	G	Ó	L	F	U	R					
Höfuðborg Íslands	R	E	Y	K	J	A	V	Í	K				

LYKILORDIÐ

Lausnarorðið er Bessastaðir

Fróðleikur um höfuðborgarsvæðið

Íslendingar voru um 319.756 í desember 2008 og þá bjuggu um 201.000 þeirra á höfuðborgarsvæðinu.

Á Árbæjarhæð austan Elliðaána er Árbæjarsafn og Árbæjarkirkja, gömul timbur- og torfkirkja sem upphaflega stóð norður í Skagafirði. Safnið er að hluta útisafn og þar eru mörg gömul og merk hús sem upphaflega stóðu í miðbæ Reykjavíkur og víðar. Þar eru mörg falleg timburhús, elst þeirra er Sívertshús frá því rétt eftir 1800. Þar er nú byggðasafn.

Halldór Laxness byggði húsið Gljúfrastein í landi Laxness í Mosfellsdal. Þar er nú safn og minning skáldsins í heiðri höfð.

Upp frá Þingvallasveit liggur Uxahryggjavegur til norðurs. Frá honum má halda vestur í Lundarreykjadal eða til austurs fyrir sunnan Langjökul til Laugarvatns eða Haukadals. Kaldadalsleið liggur norður frá Uxahryggjaleið til Húsafells efst í Borgarfirði. Þaðan má svo halda um Hallmundarhaun upp á Arnarvatnsheiði en þar eru fjölmörg góð veiðivötn.

Misjafnt er hvaða ferðamata menn velja. Gönguferðir, hestaferðir, ökuferðir í bíl með fjölskyldunni, rútuferðir með ferðafélögum, fjallgöngur, hálendisferðir, jöklaferðir, hellaferðir, veiðiferðir, hvalaskoðunarferðir, vetrarferðir og svo mætti áfram telja.

Örnefni eins og Ingólfsfjall, Ingólfshöfði, Hjörleifshöfði og Vestmannaeyjar á Suðurlandi vísa til ákveðinna landnámsmanna og með því að skyggjast inn í sögu þeirra má á svipstundu sjá fyrir sér lífið á Íslandi eins og það gat verið á landnámsöld.

Ítarefni tengt höfuðborgarsvæðinu

Þjóðsögur sem tengjast höfuðborgarsvæðinu sem finna má í pdf skjali með kennsluleiðbeiningum.

- Reykjavíkurtjörn

Hér er slóð á fróðlegan vef þar sem hægt er að finna fjölda skemmtilegra þjóðsagna.
<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

**Fræðslumyndir um höfuðborgarsvæðið í eigu Námsgagnastofnunar –
Sjá á vef nams.is**

Landshorna á milli – Reykjavík og nágrenni.

Landshlutar – Hálendið

Nemendabók bls. 84–87

Vinnubók bls. 50–52

Í kaflanum er fjallað um:

- Jarðfræði landshlutans
- Afmörkun
- Helstu örnefni og kennileiti
- Sögustaði
- Friðlýst svæði

→ Spurning 1 bls. 50 í vinnubókinni

Nemendur setja annaðhvort númer inn á kortið eða skrifa nöfn staðanna. Einungis voru valdir 10 staðir en tilvalið er að biðja nemendur að merkja fleiri staði inn á kortið, t.d. staði sem þeir þekkja. Mikilvægt er að nota *Kortabók* við þetta verkefni.

→ Spurningar 2–5 bls. 51 í vinnubókinni

2. Dýpsta stöðuvatn landsins heitir Öskjuvatn.
3. Fyrsti bílvegurinn milli Norður- og Suðurlands var um Kaldadal.
4. Friðlýst svæði og friðlönd eru t.d. Hveravellir, Þjórsárver, Dyngjufjöll, Lónsöræfi í Stafafellsfjöllum. Friðlönd norðan Mýrdalsjökuls og Herðubreiðarfriðland í Ódáðahrauni.
5. Nemendur afla sér upplýsinga á Netinu eða í bókum um þá staði sem þeir velja sér.

Ferðalög

Nemendabók bls. 88–91

Vinnubók bls. 53

Í kaflanum er fjallað um:

- Hvernig við ferðumst um landið okkar.

Hugmynd að þemaverkefni

Nemendur skipuleggja ferð um Ísland annaðhvort í hóp eða hver og einn. Nemendur velja sér stað/staði sem þá langar til að skoða. Skrifa niður kynningu á sínum stað og finna mynd við. Síðan er mögulegt að vera með kynningar fyrir bekkinn. Hægt er að gefa allar kynningarnar út í bæklingi. Einnig má útbúa veggspjald þar sem staðir eru merktir inn á og kynning hengd til hliðar.

Aðrar kennsluhugmyndir

Sögurammar og þemaverkefni

Ferðalag um Ísland. Skipuleggja ferð fjölskyldu umhverfis Ísland. Hvað á að skoða og hvar á að gista?

Ferðaskrifstofa. Sögurammi sem finna má í bók Lilju Jónsdóttur *Skapandi skólastarf*. Sá rammi fjallar um Norðurlönd en mætti yfirfæra á Ísland.

Hótelrekstur: Þemaverkefni sem finna má í bók Lilju Jónsdóttur *Skapandi skólastarf*. Sá rammi fjallar um Norðurlönd en mætti yfirfæra á Ísland.

Ein hugmynd gæti verið að samþætta landafræði og ensku. Nemendur útbúa kynningar á þekktum stöðum á Íslandi og flytja þær á ensku hver fyrir annan eða aðra bekki.

Samþætt verkefni í upplýsingamennt og landafræði eins og sjá má á þessum slóðum.

<http://vestmannaeyjar.ismennt.is/vefir/island/hringur.html#tafla>

Hér má sjá fyrirmælablað til nemenda.

<http://vestmannaeyjar.ismennt.is/vefir/island/nemblad.html>

Þjóðsögur – Vesturland

Rauðhöfði

Margir leggja leið sína eftir hringveginum frá Reykjavík og halda vestur eða norður í land. Margt merkilegt ber fyrir augu, en óvíða er fegurð landsins svo mikil sem í Hvalfirði. Nú á dögum er líka kominn ágætur akvegur um allan Hvalfjörð, svo að unun er að fara þar um á björtum sumardögum. Skyldu menn því gjarna veita sér þann munað að sleppa öðru hverju Hvalfjarðargöngunum, sem opnuð voru 1998, og fara heldur fyrir fjörðinn. Hvalfjörður gengur inn úr Faxaflóa, milli Akraness og Kjalarness. Hann er um 30 km langur, 4?5 km breiður og yfir 80 m djúpur þar sem dýpst er. Út með firðinum er talsvert undirlendi, en það minnkar eftir því sem innar dregur og víða ná þar snarbrött fjöll í sjó fram. Innst klofnar fjörðurinn í tvennt og heita þar Brynjudalsvogur og Botnsvogur. Víða eru myndarleg fjöll við Hvalfjörð. Norðan hans rís Þyrill og sunnan hans liggur Reynivallaháls, en fyrir botni hans hefja sig Múlafjall, Hvalfell og Botnssúlur. Austan Hvalfells er mikið stöðuvatn sem Hvalvatn heitir og er það 160 m djúpt. Úr vatni þessu fellur Botnsá og í henni er fossinn Glymur, 198 m hár og þar með langhæsti foss landsins. Um uppruna nafnanna á Hvalfirði, Hvalfelli og Hvalvatni er til mögnuð þjóðsaga sem svo hljóðar í stuttu máli:

Einu sinni fóru nokkrir menn af Suðurnesjum út í Geirfuglasker til að fanga geirfugl. Þegar halda skyldi til lands, vantaði einn manninn og fannst hann ekki. Fóru þá hinir án hans til síns heima og var maðurinn talinn af. En ári seinna fóru sömu menn aftur í skerið og fundu þá manninn heilan á húfi. Kom þá á daginn að álfar höfðu hyllt hann og haldið honum hjá sér og gert vel við hann. Hann undi samt ekki hjá álfum og fór í land með mönnunum. En þá var svo komið að álfkona ein gekk með barni hans og lét hún hann lofa því að láta skíra barnið, ef hún kæmi með það til kirkju þar sem hann væri staddur. Nokkru síðar var maður þessi við messu í Hvalsneskirkju. Þá stóð vaggá úti fyrir kirkjudyrum og í henni ungbarn ásamt bréfmiða sem á var skrifað skýrum stöfum? Sá sem er faðir að barni þessu mun sjá um að það verði skírt? Menn undruðust þetta og prest grunaði að maðurinn sem var heilt ár í Geirfuglaskeri væri líklegur faðir að því. Gekk hann mjög á manninn um að gangast við barninu, en hann harðneitaði að hann ætti það. Í sömu svipan stóð hjá þeim kona ein, mikil og skörugleg. Hún vék sér að manninum og sagði? Það mæli ég um og legg ég á að þú verðir að hinu versta illhveli í sjó og grandir mörgum skipum? Því næst greip hún vögguna með barninu og hvarf, svo að enginn vissi meira um hana. En menn gátu sér til að þar mundi hafa verið álfkonan úr Geirfuglaskeri, þar sem maðurinn dvaldist.

En eftir þetta varð maðurinn óður og tók á rás. Hljóp hann til sjávar og fram af bergi því er Hólmsberg heitir og er á milli Keflavíkur og Leiru. Breyttist hann þegar í hið versta illhveli og var kallaður Rauðhöfði, af því að hann var með rauða hettu á höfði þegar hann stepti sér í sjóinn. Reyndist hvalur þessi illur mjög og áleitinn og sagt var að hann hefði sökkt 19 skipum milli Seltjarnarness og Akraness, áður en yfir lyki. Því áttu margir mjög um sárt að binda af hans völdum. Er tímar liðu, tók hann að halda sig á firðinum milli Kjalarness og Akraness og af þeim sökum var fjörður þessi nefndur Hvalfjörður.

Á þessum tíma var prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd sem bæði var orðinn gamall og blindur. Hann átti tvo sonu og eina dóttur sem öll voru upp komin og hin mannvæn-

legustu. Prestur var forn í skapi og vissi jafnlangt nefi sínu. Synir hans reru oft út á fjörð til fiskjar. Einu sinni urðu þeir fyrir Rauðhöfða og drekkti hann þeim báðum. Féll presti þungt um sonamissinn. Einn góðan veðurdag nokkru síðar biður prestur dóttur sína að leiða sig niður að firði sem ekki var löng leið frá bænum í Saurbæ. Tekur hann sér staf í hönd og staulast með hjálp dóttur sinnar niður í fjöru. Þar stingur hann stafnum út í flæðarmálið og styðst fram á hann. Spyr hann svo dóttur sína hvernig sjórin líti út, en hún segir hann spegilfagran og sléttan. Litlu seinna spyr prestur aftur hvernig sjórin líti út. Þá segir stúlkan að utan fjörðinn sjái hún koma kolsvarta rák, líkt og stórfiskavaða ösli inn fjörðinn. Og þegar hún segir rák þessa nærri komna á móts við þau, biður prestur hana að leiða sig inn með fjörunni og gerir hún það. Var röstin jafnan á móts við þau og gekk svo uns komið var inn í fjarðarbotn.

En þegar grynna varð, sá stúlkan að röstin stóð af ákaflega stórum hval sem synti beint inn eftir firðinum eins og hann væri rekinn eða teymdur. Þegar fjörðinn þraut og þar kom að sem Botnsá fellur í hann, bað klerkur dóttur sína að leiða sig upp með ánni að vestanverðu. Hún gerði það og staulaðist karlinn upp fjallshlíðina, en hvalurinn ösλαði til móts við þau upp ána og var það þó örðugt mjög sökum vatnsleysis, því að skepnan var stór. En þegar hann kom í gljúfrið sem áin fellur eftir fram af Botnsheiði, þá urðu þrengslin svo mikil að allt skalf við þegar stórhvelið ruddist áfram. Loks er hann fór upp fossinn hristist jörðin umhverfis eins og í mesta jarðskjálfta og glumdi mjög í berginu. Af því dregur fossinn nafn og heitir síðan Glymur og hæðirnar fyrir ofan fossinn heita Skjálfandahæðir.

En prestur hélt ótrauður áfram og hætti ekki fyrr en hann kom hvalnum upp í vatn það sem Botnsá fellur úr og síðan er kallað Hvalvatn. Fell eitt er hjá vatninu og dregur það einnig nafn af atburði þessum og heitir Hvalfell. Þegar Rauðhöfði kom í vatnið, sprakk hann af áreynslunni við að komast þangað upp. Síðan hefur ekki orðið vart við hann, en fundist hafa hvalbein mjög stórkostleg við vatnið og þykir það vera sögu þessari til sannindamerkis. En þegar prestur var búinn að koma hvalnum fyrir í vatninu, staulaðist hann heim aftur með dóttur sinni og þökkuðu honum allir fyrir viðvikið.

Tungustapi

Í Eyrbyggju, seinasta kapítula, er sagt frá, að kirkja hafi verið flutt í Sælingsdalstungu, kirkjugarður grafinn og bein manna upp tekin, t. d. Snorra goða og Barkar digra; var það á dögum Guðnýjar húsfreyju í Hvammi, móður þeirra Sturlusona, því söguritarinn segir, að hún hafi verið við, og hefur eftir henni það, sem greint er um stærð beinanna. Sagan talar ekkert um, hvers vegna kirkjan var flutt úr stað, en á Vesturlandi gengur þessi saga um tilefni til flutningsins.

Í gamla daga, fyrir mörgum hundruð árum, bjó mjög ríkur bóndi í Sælingsdalstungu; hann átti nokkur börn, og eru til nefndir tveir synir. Ekki vita menn, hvað þeir hétu, og köllum vér þá því Arnór og Svein. Þeir voru báðir efnilegir menn, en þó ólíkir. Arnór var hreystimaður og mikill fyrir sér. Sveinn var hægur og spakur og enginn hreystimaður. Eftir því voru þeir mjög ólíkir í lund; Arnór var gleðimaður og gaf sig að leikjum með sveinum þar úr dalnum, og mæltu þeir oft mót með sér við stapa þann, er stendur niður við ána, andspænis bænum í Tungu, og sem kallaður er Tungustapi. Var það skemmtun þeirra á vetrum að renna sér eftir harðfenni niður af stapanum, því hann er hár mjög, og niður á eyrarnar í kring; gekk oft mikið á með kall og háreysti kringum Tungustapa í rökkrunum, og var Arnór þar oftast fremstur í flokki.

Sjaldan var Sveinn þar með. Gekk hann þá oftast í kirkju, er aðrir piltar fóru til leika; oft fór hann líka einförum og dvaldi þá tíðum niður við Tungustapa. Var það mál, að hann hefði samskipti við álfafólk, sem bjó í stapanum, og nokkuð var það, að hverja nýársnótt hvarf hann, svo enginn vissi, hvað af honum varð. Oft kom Sveinn að máli við bróður sinn, að hann eigi skyldi gjöra svo mikla háreysti þar á stapanum, en Arnór gjörði gabb að og kvaðst eigi mundi vorkenna álfunum, þó hátt væri haft. Hélt hann uppteknum hætti; en Sveinn varaði hann við því oft og sagði, að hann skyldi ábyrgjast, hvað af slíku hlytist.

Það bar til eitt nýárskvöld, að Sveinn hvarf að vanda. Lengdist mönnum venju fremur eftir honum. Kvaðst Arnór mundi leita hans og sagði hann mundi dvelja hjá álfum niður í Stapa. Gengur Arnór af stað, allt til þess hann kemur að stapanum. Veður var dimmt mjög. Veit hann ekki fyrri til en hann sér stapann opnast á þá hlið, sem að bænum snýr, og ljóma þar ótal ljósaraðir; heyrir hann kveða við indælan söng, og skilur hann af þessu, að á messu muni standa hjá álfum í stapanum. Kemur hann nú nær og sér, hvað fram fer. Sér hann þá fyrir framan sig eins og opnar kirkjudyrr og fjölda manns inni. Er prestur fagurlega skryddur fyrir altari, og eru margsettar ljósaraðir til beggja hliða. Gengur hann þá inn í dyrnar og sér, hvar Sveinn bróðir hans krýpur fyrir gráðunni, og er klerkur að leggja hendur í höfuð honum með einhverjum ummælum. Það hyggur Arnór, að verið sé að vígja hann einhverri vígslu, því margir skryddir menn stóðu umhverfis.

Kallar hann þá og segir: „Sveinn, kom þú, líf þitt liggur við.“

Hrekkur Sveinn þá við, stendur upp og lítur utar eftir; vill hann þá hlaupa móti bróður sínum.

En í því kallar sá, er við altarið var, og segir: „Læsið kirkjudyrunum, og hegnið hinum mennska manni, er raskar friði vorum. En þú, Sveinn, hlýtur við oss að skilja, og er bróðir þinn sök í því. En fyrir það, að þú stóðst upp í því skyni að ganga til bróður þíns og mattir hans ósvífna kall meira en heilaga vígslu, skalt þú niður hníga, og það örendur, næsta sinn, er þú sér mig hér í þessum skrúða.“

Sá Arnór þá, að hinir skryddu menn hófu Svein á loft, og hvarf hann upp um steinhvelf-

ing þá, er yfir var kirkjunni. Kveður þá við dynjandi klukkna hljóð, og í því heyrst þys mikill inni. Hleypur hver um annan þveran til dyra. Arnór hleypur þá sem hann mátti út í myrkrið heim á leið og heyrir álfareiðina, þysið og hófasparkið á eftir sér; heyrir hann, að einn í flokki þeirra, er fremstir ríða, kveður við raust og segir:

„Ríðum, og ríðum.
Það rökkvar í hliðum;
ærum, og færum
hinn arma af vegi,
svo að hann eigi
sjái sól á degi,
sól á næsta degi.“

Pusti þá flokkurinn milli hans og bæjarins, svo hann varð að hörfa undan. Þegar hann var kominn í brekkur nokkrar suður frá bænum og austur frá stapanum, gafst hann upp og hneig máttvana niður; reið þá allur flokkurinn á hann ofan, og lá hann þar eftir nær dauða en lífi.

Það er frá Sveini að segja, að hann kom heim eftir vökulok. Var hann daufur mjög og vildi engum segja um burtuveru sína, en kvað nauðsyn að leita Arnórs. Var hans leit-að alla nóttina, og fannst hann eigi, fyrr en bóndi frá Laugum, er kom til óttusöngs að Tungu, gekk fram á hann þar í brekkunum, sem hann lá.

Var Arnór með rænu, en mjög aðframkominn; sagði hann bónda, hvernig farið hafði um nóttina, eins og áður er frá sagt. Ekki kvað hann tjá að flytja sig til bæjar, því hann yrði eigi lífgaður. Andaðist hann þar í brekkunum, og heita það síðan Banabrekkur.

Aldrei varð Sveinn samur eftir þenna viðburð; hneigðist skap hans enn meir til alvöru og þunglyndis, en aldrei vissu menn hann koma nærri Álfastapa eftir þetta, og aldrei sást hann nokkru sinni horfa í þá átt, sem stapinn er. Gaf hann sig frá öllum veraldar-um-svifum, gjörðist munkur og gekk í klaustur á Helgafelli. Varð hann svo lærður maður, að enginn bræðra komst til jafns við hann, og svo söng hann fagurlega messu, að enginn þóttist jafnfagurt heyrt hafa.

Faðir hans bjó í Tungu til elli. Þegar hann var gamall orðinn, tók hann sótt þunga. Það var nærri dymbildögum. Þá er hann fann, hvað sér leið, lét hann senda eftir Sveini út til Helgafells og bað hann koma á sinn fund. Sveinn brá við skjótt, en gat þess, að skeð gæti hann kæmi eigi lífs aftur. Kom hann að Tungu laugardag fyrir páska. Var þá svo dregið af föður hans, að hann mátti trauðlega mæla. Beiddi hann Svein son sinn að syngja messu á páskadag sjálfan og skipaði að bera sig þá í kirkju; kvaðst hann þar vilja andast. Sveinn var tregur til þessa, en gjörði það samt, þó með því skilyrði, að enginn opnaði kirkjuna, meðan á messu stæði, og sagði þar á riði líf sitt.

Þótti mönnum þetta kynlegt; þó gátu sumir þess til, að hann enn sem fyrri ekki vildi sjá í þá átt, sem stapinn var, því kirkjan stóð þá á hólbarði einu hátt uppi í túninu, austur frá bænum, og blasti stapinn við kirkjudyrum.

Er nú bóndi borinn í kirkju, eins og hann hafði fyrir mælt, en Sveinn skryddist fyrir altari og hefur upp messusöng. Sögðu það allir, er við voru, að þeir aldrei hefðu heyrt eins sætlega sungið eða meistaralega tónað, og voru allir því nær höggdofa. En er klerkur að lyktum sneri sér fram fyrir altari og hóf upp blessunarorðin yfir söfnuðinum, brast á í einni svipan stormbylur af vestri, og hrukku við það upp dyr kirkjunnar.

Varð mönnum hverft við og litið utar eftir kirkju; blöstu þá við eins og opnar dyr á stapanum, og lagði þaðan út ljóma af ótal ljósaröðum; en þegar mönnum aftur var litið á prest, var hann hniginn niður og var þegar örendur. Féllst mönnum mikið um þetta og þar með, að bóndi hafði einnig á sömu stundu fallið liðinn fram af bekk þeim, er hann lá á, gagnvart altari. Logn var fyrir og eftir viðburð þenna, svo öllum var augljóst, að með stormbyl þann, er frá stapanum kom, var eigi sjálfrátt.

Var þá viðstaddur bóndi sá frá Laugum, er fundið hafði Arnór í brekkunum fyrri, og sagði hann þá upp alla sögu. Skildu menn af því, að það hefði komið fram, er álfabiskupinn hafði um mælt, að Sveinn skyldi dauður hníga, er hann sæi sig næst. Nú, þegar opinn var stapinn og hurð kirkjunnar hrökk upp, blöstu dyrnar hvorar móti öðrum, svo álfabiskupinn og Sveinn horfðust í augu er þeir tónuðu blessunarorðin, því dyr á kirkjum álfa snúa gagnstætt dyrum á kirkjum mennskra manna (nl. til austurs).

Áttu menn héraðsfund um mál þetta, og var það afráðið, að flytja skyldi kirkjuna niður af hólbarðinu, nær bænum, í kvos hjá læk nokkrum. Með því var bærinn milli stapans og kirkjudyra, svo aldrei síðan hefur prestur þar verið unnt að sjá frá altari gegnum kirkjudyrvestur í Álfastapa, enda hafa slík býsni eigi orðið síðan þetta var.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>



Þjóðsögur Vestfirðir

Guðmundur biskup góði vígir Látrabjarg

Slys hafa verði tíð við eggjatöku á Látrabjargi og nánast tók fyrir nytjar eftir að tveir menn hröpuðu í bjarginu 1926. Ekki er vitað hve margir menn hafa farist í Látrabjargi frá upphafi, en fyrst segir frá slysum upp úr aldamótum 1200. Þá var sigmaður nokkur á leið niður bergið þegar út úr því kom loðin hönd sem skar sundur vaðinn, svo maðurinn hrapaði til bana.

Öðru sinni um svipað leyti var maður í sigi þegar sú hin sama loðna loppa kom út úr berginu, hélt á kuta miklum og skar á vaðinn. Þó fór þriðji þátturinn ekki alveg í sundur. Sigmaður þorði ekki með nokkru móti að láta draga sig upp á einungis einum þætti vaðsins og var því enginn kostur að ná honum. Dó hann þar úr sulti, en menn komust þó svo nærri honum að þeir heyrðu hann kveða fyrir munni sér lágri röddu meðan hann reri bakföllum upp að berginu: „Héðan kemst ég hvergi, halla ég mér að bergi“.

„Einhvers staðar verða vondir að vera“

Sagt er að Gottskálf bóndi á Látrum sem var fjölkunnugur, en þó ekki nóg til að geta komið óvættinni fyrir, hafi fengið Guðmund biskup góða til að fyrirkoma bergbúanum. Það mun hafa verið um 1220. Gvendur biskup tók þessari beiðni vel, stefndi bjargbúanum fyrir sig og mælti harðlega við hann og heitaðist að reka hann úr bjarginu. Bjargbúi bað sér vægðar, vildi fá að hafa einhvern stað fyrir sig og mælti: „Einhvers staðar verða vondir að vera“. Þetta skildi biskupinn mætavel og gaf honum eftir þann hluta bergsins sem síðan heitir Heiðnabjarg og er sá hluti sem óhægast er að síga í.

Þjóðólfur og Þuríður sundafyllir

Hólsá kemur upp í Tungudal í Bolungarvík, rennur skammt og kemur til sjávar í miðri víkinni. Efst í víkinni, norðan við ána, er Tunga, vel húsaður bær, sem sumir segja að hafi heitið Þjóðólfstunga. Þannig var að Þuríður sundafyllir átti bróður þann er Þjóðólfur hét. Hann bað Þuríði að fá sér land í Bolungarvík og hún leyfði honum svo mikið land sem hann gæti girt fyrir á einum degi. Hann fer til og leggur garð frá Stiga og vildi girða fyrir Hlíðardal og Tungudal, en komst ekki lengra en í miðjan Tungudal um daginn og sjást þess enn merki hvar hann lagði garðinn. Þjóðólfur kastaði eign sinni á báða dalina, en Þuríður þóttist eiga þann dalinn sem eigi var girt fyrir til fulls og varð svo að vera sem hún vildi. Þetta líkaði Þjóðólfi stórilla og vildi hefna sín og stela yxni sem Þuríður átti á Stigahlíð. Hún varð vör við er hann gekk á hlíðina og fór þegar á eftir honum, en hann tók yxnið og vildi leiða heim.

Þau mættust þar sem heitir Ófæra, innst í hlíðinni. Hún réðst þegar á hann og vildi taka yxnið, en fékk ekki að gjört. Varð hún þá svo reið að hún lagði það á hann að hann yrði að steini, þar sem flestir fuglar á hann skiti. En hann lét þá svo um mælt á móti, að hún yrði að kletti þar sem vindur nauðaði hvað mest og stendur hún síðan efst á norðurhorninu á Óshlíð, svo sem glögg má sjá. En Þjóðólfur varð að kletti og valt fram í sjóinn og lenti þar á klöpp sem upp úr stóð. Sá klettur var jafnan alþakinn fugli og nefndist Þjóðólfur. Stóð kletturinn þarna alla tíð samfleytt þangað til um haustið 1936, er hann hvarf í logni og ládeyðu um nótt eina, svo að enginn vissi hvað af honum varð. Lengi mundu Bolvíkingar eftir Þjóðólfi og vissu gjörlla hvar hann stóð, því að hann var stakur og var róið fram hjá honum í hvert sinn sem á sjó var farið. Fullyrða þeir að svo grunnt sé

kringum klöppina sem hann stóð á að hann geti þar hvergi legið, án þess að hann sæist. Vilja menn trúa því að hann hafi horfið af því að þá var álagatíminn úti. Gjörla sjást þess merki hvar hann stóð á skerinu og hefur hann verið rúmir fimm faðmar á þann veginn sem niður sneri. Og lýkur hér að segja frá systkinunum Þjóðólfi og Þuríði sundafylli og álögum þeirra.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>



Þjóðsögur – Norðurland

Óskasteinninn í Tindastól

Einu sinni var stúlka á gangi í Tindastól og fann stein einn fallegan. Hún hugsaði sér þá af rælni að hún vildi að hún væri komin í þá bestu veislu sem haldin væri í heiminum. Hún hvarf þá allt í einu eitthvað út í veðrið og vissi ekki fyrri af en hún stóð í dýrðlegri höll og hafði hún aldrei séð aðra eins prýði. Maður kom þar fram með gullbikar í hendi og rétti að henni. Hún tók við bikarinn, en varð svo skelfd af öllu því er fyrir augun bar að hún óskaði sér að hún stæði á sama stað og áður í Tindastól og það gerðist í einni svipan. Flegði hún þá steininum og kvað hann skyldi ei oftast villa sig, en hélt heim með bikarinn. Þessi bikar þótti mikil gersemi og var farið með hann til prestsins, en hann kvaðst ekki vita hvar hann yrði brúkaður. Var þá bikarinn sendur konungi og gaf hann stúlkunni fyrir bikarinn þrjár jarðir í Skagafirði.

Grimseyingurinn og bjarndýrið

Einu sinni vildi svo til um vetur að eldur dó í Grímsey svo ekki varð kveikt upp á nokkrum bæ. Þá voru logn og frosthörkur svo miklar að Grímseyjarsund var lagt með ísi og kallað manngengt.

Grimseyingar réðu það þá af að senda menn til meginlands til að sækja eld og völdu til þess þrjá hina vöskustu menn í eyggi. Hófu þeir ferðina snemma morguns í heiðríku veðri og fylgdi þeim fjöldi eyjarskeggja út á ísinn, báðu þeim lukkulegrar ferðar og fljótrar afturkomu.

Það segir nú ekki af ferðum sendimanna fyrr en þeir á miðju sundi koma að vök einni sem ekki sá fyrir endann á og var svo breið að tveir gátu með naumindum stokkið yfir hana en einn treysti sér ekki til þess. Þeir réðu honum þá að hverfa aftur til eyjarinnar og héldu áfram ferð sinni en hann stóð eftir á vakarbarminum og horfði á eftir þeim.

Honum var nauðugt að hverfa aftur við svo búíð og ræður því af að ganga með vökinni ef hún kynni að vera mjórri í einum stað en öðrum. Þegar á leið daginn fór loft að þykkna og gekk upp sunnanátt með stormi og regni. Ísinn tók að leysa sundur og maðurinn varð loks staddur á jaka einum sem rak til hafs.

Um kveldið ber jakann að stórri spöng og gengur maðurinn upp á hana. Sér hann þá bjarndýr skammt frá sér sem liggur þar á ungum. Hann var orðinn kaldur og svangur og kveið nú fyrir lífinu.

Þegar bjarndýrið sér manninn horfir það á hann um hríð. Síðan stendur það upp, gengur til hans og allt í kringum hann og gefur honum merki að hann skuli leggjast niður í bælið hjá ungum. Hann gjörir það með hálfum huga. Síðan leggst dýrið niður hjá honum, breiðir sig út yfir hann, kemur honum á spenana og lætur hann sjúga sig með ungum.

Nú líður nóttin. Daginn eftir stendur dýrið upp, gengur spölkorn frá bælinu og bendir mannum að koma. Þegar hann kemur út á ísinn leggst dýrið niður fyrir fætur hans og bendir honum upp á bakið á sér. Þegar hann er kominn því á bak stendur dýrið upp, hristir sig og skekur uns maðurinn dettur niður. Það gjörði þá ekki frekari tilraun að sinni en manninn furðaði mjög á þessum leik.

Nú líðu þrjú dagar og lá maðurinn á næturnar í bæli dýrsins og saug það en á hverjum morgni lét það hann fara sér á bak og hristi sig uns hann gat ekki lengur haldið sér. Fjórða morguninn gat maðurinn haldið sér föstum á baki dýrsins hvernig sem það hristi sig.

Þá leggur það á áliðnum degi til sunds með manninn á bakinu og syndir með hann til eyjarinnar. Þegar maðurinn kemur í land gengur hann upp á eyna og bendir bjarndýrinu að koma á eftir sér. Hann gengur heim til sín á undan því og lætur þegar mjólka bestu kúna í fjósinu og gefur dýrinu að drekka nýmjólk eins og það vildi.

Síðan gengur hann á undan því til fjárhúss síns, lætur taka tvo vænstu sauðina og drepa, bindur þá saman á hornunum og lætur um þvert bak á dýrinu.

Þá snýr það til sjávar og syndir út til unganna. En þá var gleði mikil í Grímsey því meðan eyjarmenn horfðu undrandi eftir bjarndýrinu sáu þeir skip koma úr landi er sigldi hraðbyri til eyjarinnar. Væntu þeir þar hinna sendimannanna með eldinn.

Djárninn á Myrká

Í fyrri daga var djárninn einn að Myrká í Eyjafirði; ekki er þess getið, hvað hann hét. Hann var í þingum við konu, sem Guðrún hét; hún átti að sumra sögn heima á Bægisá, hinum megin Hörgár, og var hún þjónustustúlka prestsins þar. Djárninn átti hest gráföxóttan, og reið hann honum jafnan; þann hest kallaði hann Faxe. Einhverju sinni bar svo til litlu fyrir jóla, að djárninn fór til Bægisár til að bjóða Guðrúnu til jólagleði að Myrká og hét henni að vitja hennar í ákveðinn tíma og fylgja henni til gleðinnar aðfangadagskvöld jóla. Dagana áður en djárninn fór að bjóða Guðrúnu, hafði gjört snjóa mikla og ísalög; en þann sama dag sem hann reið til Bægisár, kom asahláka og leysing, og þegar á leið daginn, varð áin ófær fyrir jakaferðum og vatnagangi, á meðan djárninn tafði á Bægisá. Þegar hann fór þaðan, hugði hann ekki að því, sem skipast hafði um daginn, og ætlaði, að áin mundi enn liggja sem fyrr. Hann komst yfir Yxnadalsá á brú; en þegar hann kom til Hörgár, hafði hún rutt sig. Hann ríður því fram með henni, uns hann kemur fram á móts við Saurbæ, næsta bæ fyrir utan Myrká; þar var brú á ánni. Djárninn ríður á brúna, en þegar hann er kominn á hana miðja, brestur hún niður, en hann fór í ána. Morguninn eftir, þegar bóndinn á Þúfnavöllum reis úr rekkju, sér hann hest með reiðtygjum fyrir neðan túnið og þykist þekkja þar Faxe djárnans á Myrká. Honum verður bilt við þetta, því hann hafði séð til ferða djárnans ofan hjá daginn áður, en ekki orðið var við, að hann færi til baka, og grunaði því brátt, hvað vera mundi. Hann gengur því ofan fyrir túnið; var þá sem honum sýndist, að þar var Faxi, allur votur og illa til reika. Gengur hann síðan ofan að ánni, ofan á svo kallað Þúfnavallanes; þar finnur hann djárnann rekinn örendan á nesinu framanverðu. Fer bóndi þegar til Myrkár og segir tíðindin. Djárninn var mjög skaddaður á höfðinu aftanverðu af ísjaka, er hann fannst. Var hann svo fluttur heim til Myrkár og grafinn í vikunni fyrir jólin.

Frá því að djárninn fór frá Bægisá og til þess á aðfangadaginn, hafði engin fregn farið milli Myrkár og Bægisár um þessa atburði neina sökum leysinga og vatnagangs. En á aðfangadaginn ver veður stilltara, og hafði runnið úr ánni um nóttina, svo að Guðrún hugði gott til jólagleðinnar á Myrká. Þegar leið á daginn, fór hún að búa sig, og þegar hún var vel á veg komin með það, heyrði hún, að það var barið; fór þá önnur kona til dyra, sem hjá henni var, en sá engan úti, enda var hvorki bjart úti né myrkt, því tungl óð í skýjum og dró ýmist frá eða fyrir. Þegar stúlka þessi kom inn aftur og kvaðst ekki hafa séð neitt, sagði Guðrún: „Til mín mun leikurinn gjörður, og skal ég að vísu út ganga.“ Var hún þá albúin, nema að hún átti eftir að fara í hempuna. Tók hún þá til hempunnar og fór í aðra ermina, en fleygði hinni erminni fram yfir öxlina og hélt svo í hana. Þegar hún kom út, sá hún Faxe standa fyrir dyrum og mann hjá, er hún ætlaði, að væri djárninn. Ekki er þess getið, að þau hafi átt orðræðu saman. Hann tók Guðrúnu og setti á bak

og settist síðan sjálfur á bak fyrir framan hana. Riðu þau þá svo um hríð, að þau töluðust ekki við. Nú komu þau til Hörgár, og voru að henni skarir háar, en þegar hesturinn steptist fram af skörinni, lyftist upp hattur djáknans að aftanverðu, og sá Guðrún þá í höfuðkúpuna bera. Í þeirri svipan rak skýin frá tunglinu; þá mælti hann:

„Máninn lýður,
dauðinn ríður;
sérðu ekki hvítan blett
í hnakka mínum,
Garún, Garún?“

En henni varð bilt við og þagði. En aðrir segja, að Guðrún hafi lyft upp hatti hans að aftan og séð í hvíta kúpuna; hafi hún þá átt að segja: „Sé ég það, sem er.“ Ekki er sagt af samræðum þeirra fleirum né ferðum, fyrr en þau koma heim að Myrká, og fóru þau þar af baki fyrir framan sáluhliðið; segir hann þá við Guðrúnu:

„Bíddu hérna, Garún, Garún,
meðan eg flyt hann Faxa, Faxa,
upp fyrir garða, garða.“

Að því mæltu fór hann með hestinn; en henni varð litið inn í kirkjugarðinn. Sá hún þar opna gröf og varð mjög hrædd, en tekur þó það til bragðs, að hún grípur í klukkustrenginn. Í því er gripið aftan í hana, og varð henni þá það að happi, að hún hafði ekki fengið tíma til að fara nema í aðra hempuermina, því svo var sterklega til þrifið, að hempan gekk sundur um axlarsauminn á þeirri erminni, er hún var komin í. En það sá hún síðast til ferða djáknans, að hann steptist með hampuslitrið, er hann hélt á, ofan í gröfina opnu, og sópaðist moldin frá báðum hliðum ofan yfir hann.

En það er frá Guðrúnu að segja, að hún hringdi í sífellu, allt til þess að bæjarmenn á Myrká komu út og sóttu hana, því af öllu þessu var hún orðin svo hrædd, að hún þorði hvergi að fara né heldur hætta að hringja, því hún þóttist vita, að hún hefði átt þar við djáknann afturgenginn, þó henni hefði ekki áður komið nein fregn um lát hans, enda gekk hún úr skugga um, að svo hafði verið, er hún náði tali af Myrkármönnum, er sögðu henni upp alla sögu um lát djáknans, og hún aftur þeim af ferðum sínum. Þessa sömu nótt, þegar háttað var og búið að slökkva ljósið, kom djákninn og ásótti Guðrúnu, og voru svo mikil brögð að því, að fólkið varð að fara á fætur, og varð engum svefnsamt þá nótt. Í hálfan mánuð eftir þetta mátti hún aldrei ein vera, og varð að vaka yfir henni hverja nótt. Sumir segja, að presturinn hafi orðið að sitja á rúmstokknum hjá henni og lesa í Saltaranum.

Nú var fenginn galdramaður vestur í Skagafirði. Þegar hann kom, lét hann grafa upp stein einn mikinn fyrir ofan tún og velta heim að skálastafni. Um kvöldið, þegar dimma tók, kemur djákninn og vill inn í bæinn, en galdramaðurinn hneppir hann suður fyrir skálastafn og setur hann þar niður með særingum mikum; veltir hann síðan steininum ofan á, og þar á djákninn að hvíla enn í dag. Eftir þetta tók af allan reimleik á Myrká og Guðrún að hressast. Litlu seinna fór hún heim til sín að Bægisá, og er sögn manna, að hún hafi síðan aldrei orðið söm og áður.

Vígð Drangey

Áður en Grettir kom í Drangey, var hún almenningur en eftir það hann var drepinn (1030 hér um bil), komst hún undir biskupsstólinn á Hólum í Hjaltadal, og höfðu því Hólabiskupar mest umráð yfir eyinni og mestar nytjar af fugli og fiskiafla.

En ekki var fuglatekjan annmarkalaus í þá daga, því Drangey lítur út eins og sæbrattur klettur úr sjónum á allar hliðar, hvar sem á er litið. Framan af, meðan hér á landi voru fullhugar og ötulir aflamenn, sigu þeir mjög í bergið og sáust lítt fyrir, enda var þá fuglatekjan ólíkt meiri en nú, og urðu tíðum að því ógurlegir mannskaðar og slys; fórust menn úr vöðum og sigum, sprungu á niðurfallinu, lentu á klettum, svo hvert bein mólbrotnaði.

Þess þóttust menn og brátt vísir verða, að jafnt fórust þeir úr berginu, sem góðar festar höfðu, og hinir, sem lakari vaði höfðu, og þótti það ekki einleikið; voru festar þeirra þverkubbaðar sundur, er upp voru dregnar, eins og þær væru annaðhvort höggvar sundur með exi eða skornar með öðru eggjárnri, og ekki var trútt um, að mönnum heyrðist ekki högg í berginu, rétt áður en menn fórust úr festum og í því festarnar fóru í sundur.

Lagðist því það orð á, að þeir einir mundu í berginu búa, sem ekki vildu, að landsmenn drægju allan afla úr höndum þeim, og þóttust eiga eyjargagnið eins vel og aðskotadýrin. Við manntjóni þessu vannst engin líkn langan tíma, og var svo komið, að menn voru heldur farnir að heykjast á að fara eins almennt til eyjarinnar og fyrst hafði tíðkast sökum mannskaða þeirra, er þar urðu.

Leið svo þar til Guðmundur góði Arason varð biskup á Hólum. Guðmundur biskup var, sem kunnugt er af sögu hans, nytsemdarmaður mikill með yfirsöngvum og vígslum og vann með því löndum sínum löngum líkn og bót margra meina og réð af margar illar vættir. Guðmundur biskup var góður við snauða menn, og tók hann þá bæði marga heim á staðinn, þegar hann sat þar, og hafði jafnan margt af þeim með sér, er hann reið um land. Af þessu varð stundum vorsníkja hjá honum á staðnum, og þurfti föng til að fá, hvar sem fást máttu. Hann lét menn sína sækja mjög til Drangeyjar á vorum, bæði til fiskifanga og fuglatekju, og fór brátt að bera á því, að vættir þeir, er á eyinni voru, gengu eins í berhögg við biskupsmenn sem aðra, og urðu af því mannskaðar stórir.

Biskupi er sagt til, hvern mannskaða hann líði við eyna, og ræður hann það þá af, að hann fer til eyjarinnar með klerkalýð sinn og vígt vatn. Í Uppgönguvík er steinstalli nokkur, sem lítur svo út sem hlaðinn væri, og er hann kallaður Gvendaraltari. Þegar biskup steig af skipsfjöln, segja menn, að hann hafi sungið messu og haft þenna stalla fyrir altari, en aðrir segja, að hann hafi aðeins gjört þar bæn sína. Þeim sið halda menn og enn í dag, að enginn fer sá upp á Drangey eða ofan af henni, að hann gjöri ekki bæn sína við stalla þenna. En að því búnu fór hann til og vígði eyna og byrjaði nokkuð fyrir norðan Hæringshlaup útsunnanvert á eyinni, þar sem byrgin eru nú niður undan, og hélt vígslunni fram til hægri handar eða andsælis, jafnt uppi sem niðri, og þar meðfram á sjó, sem hann komst ekki undir í fjörunni, og svo einnig með því að síga niður í bergið, og fór þannig umhverfis alla eyna með yfirlestrum og söngvum og vígðu vatni og klerkar hans með honum.

Ekki er þess getið, að hann hafi neins staðar orðið neinna meinvætta var, fyrr en hann var kominn vestur fyrir norðurhorn eyjarinnar að Uppgönguvík aftur. Þar seig hann í bergið sem víðar, og er hann er kominn svo langt niður sem honum þótti hæfilegt, byrjar hann þar sem annars staðar vígslu og yfirlestra. En er hann hefur litla stund lesið,

kemur loppa ein stór, bæði grá og loðin, með rauðri ermi á, út úr berginu og heldur á stórri skálm og biturlegri, er hún bregður á festina, sem biskup var í, og tekur hún þegar í sundur tvo þætti festarinnar; en það vildi biskupi til lífs, að skálmin beit ekki á þriðja þáttinn, því hann var þaulvígður.

Í því heyrir biskup rödd úr berginu segja: „Vígðu nú ekki meira, Gvendur biskup; einhvers staðar verða vondir að vera.“

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>



Þjóðsögur – Austurland

Ormurinn í Lagarfljóti

Það bar til einu sinni í fornöld, að kona nokkur bjó á bæ einum í Héraðinu við Lagarfljót. Hún átti dóttur eina vaxna. Henni gaf hún gullhring.

Þá segir stúlkan: „Hvernig get ég haft mest gagn af gullinu því arna, móðir mín?“

„Leggðu það undir lyngorm,“ segir konan.

Stúlkan tekur þá lyngorm og lætur gullið undir hann og leggur ofan í trafeskjur sínar. Liggur ormurinn þar nokkra daga. En þegar stúlkan fer að vitja um eskjurnar, er ormurinn svo stór orðinn, að eskjurnar eru farnar að gliðna í sundur. Verður stúlkan þá hrædd, þrífur eskjurnar og kastar þeim með öllu saman í fljótið.

Líða svo langir tímar, og fara menn nú að verða varir við orminn í fljótinu. Fór hann þá granda mönnum og skepnum, sem yfir fljótið fóru. Stundum teygðist hann upp á fljótsbakkana og gaus eitri ógurlega.

Þótti þetta horfa til hinna mestu vandræða, en enginn vissi ráð til að bæta úr þeim. Voru þá fengnir til Finnar tveir. Áttu þeir að drepa orminn og ná gullinu. Þeir steyptu sér í fljótið, en komu bráðum upp aftur. Sögðu Finnarnir, að hér væri við mikið ofurefli að eiga og væri ekki hægt að bana orminum eða ná gullinu. Sögðu þeir, að annar ormur væri undir gullinu og væri sá miklu verri en hinn. Bundu þeir þá orminn með tveimur böndum. Lögðu þeir annað fyrir aftan bægslin, en annað aftur við sporðinn.

Ormurinn getur því engum grandað, hvorki mönnum né skepnum, en við ber, að hann setur upp kryppu úr bakinu, og þykir það jafnan vita á stórtíðindi, þegar það sést, t.d. harðæri eða grasbrest.

Þeir, sem enga trú leggja á orm þenna, segja, að það sé froðusnakkur, og þykjast hafa sagnir um það, að prestur nokkur hafi ekki alls fyrir löngu róið þar þvert yfir, sem ormurinn sýndist vera, til að sanna það því sögu sína, að hann sé enginn.

Naddi

Meðan þeir niðjar Bjarnar skafins voru uppi, lagðist af þjóðleið sú, er liggur milli Njarðvíkur og Borgarfjarðar yfir Njarðvíkurskriður, er svo eru nefndar; var það fyrir þá sök, að óvættur ein í mannlíki að ofan, en dýrslíki að neðan, lagðist fyrir menn á veginum og veitti mörgum bana, þegar fór að dimma nótt, svo ófært var um veginn að fara. Óvættur þessi hélt sig í gili því, sem liggur Njarðvíkur-megin við skriðurnar og kallað er síðan Naddagil, því á kvöldin um haust og vetur heyrðist eins og eitthvað væri að nadda og glamra á grjótinu heim að Njarðvík; fyrir þetta kölluðu menn óvætt þessa Nadda.

Það var eitthvert sinn um haust síðla, að Jón Bjarnarson kom seint um kvöld að Snotrnesi í Borgarfirði og ætlaði í Njarðvík. En af því komið var að dagsetri, bað fólkið hann að gefa sig ekki í þá ófæru að leggja svo seint í skriðurnar. En hann skeytti því alls ekki, kvað sig ekki mundi saka og ekkert mein að verða og hélt svo sína leið. En sem hann kom heim undir gilið, mætti hann óvættinni og réðst á hana. Varð þeirra aðgangur bæði harður og langur. Barst leikur þessi allt á jaðar þann, sem heitir Krossjaðar; þar sagði Jón, að óvættur þessi hefði slitið sig af sér og dragnað í sjóinn. Var þar síðan sett upp krossmark það, sem þar er enn, með þeirri áskrift á latínu, „að vegfarendur skyldu framfallandi lesa þar faðirvor,“ og hélst sá siður lengi fram eftir öldum.

Jón komst í Njarðvík þjakaður mjög, víða blár og marinn, lá rúmfastur í mánuð og komst svo á fætur. Hann hélt, að óvættur þessi hefði komið úr sjó, af því hann leitaði síðast til sjávar; en aldrei bar á honum eftir viðureign þeirra.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>



Þjóðsögur – Suðurland

Kölski er í fjósi

Einu sinni vantaði Sæmund fróða fjósamann; tók hann þá kölska og lét hann vera í fjósinu hjá sér. Fór það allt vel og leið svo fram á útmánuði að kölski gjörði verk sitt með öllum sóma. En á meðan séra Sæmundur var í stólnum á páskadaginn bar kölski alla mykjuna í haug fyrir framan kirkjudyrrnar svo þegar prestur ætlaði út eftir messuna þá komst hann það ekki. Sér hann þá hvað um er að vera, stefnir til sín kölska og lætur hann nauðugan viljugan bera burtu aftur alla mykjuna frá kirkjudyrunum og á sinn stað. Gekk séra Sæmundur svo fast að honum að hann lét seinast sleikja upp leifarnar með tungunni. Sleikti þá kölski svo fast að það kom laut í helluna fyrir framan kirkjudyrrnar. Þessi hella er enn í dag í Odda og nú þó ekki nema fjórðungur hennar. Liggur hún nú fyrir framan bæjardyrnar og sér enn í hana lautina.

Nám Sæmundar

Það var ekki allra að vita tíma og stundir eins og sagan sagði um Sæmund fróða því hann hafði verið þrjú ár í svonefndum Svartaskóla sem hafði þá yfirskrift á inngangsdryrum: „Inn máttu ganga og allt máttu læra, en töpuð er sál þín ef þú deyrð inni.“

Með honum áttu þeir Ari fróði og Kálfur Árnason að hafa verið í Svartaskóla. En af því ekki var hægt að komast út nema á sömu mínútu og inn var farið þá urðu þeir óvissir um mínútutímamann; en í þessum vandræðum lagði Sæmundur lausa kápu yfir sig og hratt hinum áfram. En er hann slapp út var hrifið í kápuna so hún varð eftir, en hann slapp.

Þessi Svartiskóli átti að vera í Þýzkalandi þar sem aldrei kæmi birta inn. Af þessum Svartaskólafræðum átti Sæmundur að geta haft djöfla sér til þénustu með því móti að gefa þeim sig, en sveik þá þó jafnan um verkalaunin, því þegar hann falaði Odda eftir að annar var búinn að fá veitt brauðið fékk Sæmundur það ef hann kæmist heim fyrri en hinn.

Átti hann þá að hafa gjört samning við Satan sem varð að sel sem Sæmundur reið yfir hafið og átti að synda svo hátt að Sæmundur vöknaði ekki í fætur.

En þegar að landi var kominn lamdi Sæmundur Davíðssaltara í haus selsins og sagði: „Hækkaðu þig, helvízkur!“

Við það sökk Satan og tapaði kaupinu því Sæmundur vöknaði.

Þó er ekki að heyra að fjandi hafi fyrzt við þetta því fjósahirðir átti hann að hafa verið hjá Sæmundi þegar hann bar fjóshauginn fyrir kirkjudyrrnar. En fyrir páskana skipaði Sæmundur honum að sleikja upp hauginn og flytja út á tún sem hinn gjörði svo vandlega að lágin eftir tunguna á að sjást ennþá í hellu frammi fyrir kirkjudyrum í Odda.

Tröllkonan í Skaftafelli

Fyrir mörgum árum síðan bjó bóndi í Skaftafelli sem Bjarni hét. Hann var hinn mesti smiður, einkum steypusmiður.

Það er mælt að tröllkona hafi búið þar inn á dalnum innan við Skaftafellsskóginn í helli einum sem þar finnst enn í dag. Þessi skessa var mjög vinveitt Bjarna; hún vaktaði sauðfé hans á vetrum og rekann á fjörunum. Oft sat hún í smiðju hjá honum; helst þegar einhver var kominn því hún vissi að Bjarni hafði ólukku á því.

Eitt sinn um vetur mælti hún við Bjarna að skip væri rekið á fjöruna, en allir mennirnir dauðir utan einn. Sagði hún væri nauðsyn á að ráða hann sem fljótast af dögum því hann annars eyðilegði allt Suðurland og jafnvel meira. Síðan er mælt hún hafi tekið í hönd sér öxi mjög mikla er hún átti og gengið á fjöruna ásamt Bjarna og ráðið þenna óttalega blámann af dögum.

Svo dó nú Bjarni að skessan lifði enn. Hann átti son sem Einar hét sem líka bjó í Skaftafelli; var hún honum eins handgengin sem Bjarna. Svo dó Einar að skessan var enn á dögum. Einar átti son sem Bjarni hét (faðir Guðrúnar á Mariúbakka konu Runólfs sem þar er nú).

Í tíð Einars þessa dó skessan loksins; var hún þá búin að lifa rúma tvo mannsaldra. Þó vita menn eigi aldur hennar áður hún kom til gamla Bjarna. Hellirinn stendur enn í dag með einum glugg á miðjum mæni, en rúm skessunnar kvað vera höggið í bergið. Er það hér um bil átta álna langt og tveggja álna breitt. En mælt er að gamli Bjarni hafi smíðað hurð og allan dyrabúning fyrir helli þann svo skessan skyldi eiga því betra þar inni.

Kirkjusmiðurinn á Reyni

Einu sinni bjó maður nokkur á Reyni í Mýrdal. Átti hann að byggja þar kirkju en varð naumt fyrir með timburaðdrætti til hennar. Var komið að slætti, en engir smiðir fengnir, svo hann tók að ugga að sér að kirkjunni yrði komið upp fyrir veturinn.

Einn dag var hann að reika út um tún í þungu skapi. Þá kom maður til hans og bauð honum að byggja kirkjuna fyrir hann. Skyldi bóndi segja honum nafn hans áður en smiðinni væri lokið en að öðrum kosti skyldi bóndi láta af hendi við hann einkason sinn á sjötta ári. Þessu keyptu þeir.

Tók aðkomumaðurinn til verka. Skipti hann sér af engu nema smíðum sínum og var fáorður mjög enda vannst smíðin undarlega fljótt og sá bóndi að henni mundi lokið nálægt sláttulokum. Tók bóndi þá að ógleðjast mjög, en gat eigi að gjört.

Um haustið, þegar kirkjan var nærri fullsmíðuð ráfaði bóndi út fyrir tún. Lagðist hann þar fyrir utan í hól nokkurn. Heyrði hann þá kveðið í hólnum, sem móðir kvæði við barn sitt, og var það þetta:

Senn kemur hann Finnur,
faðir þinn frá Reyn,
með þinn litla leiksvein.

Var þetta kveðið upp aftur og aftur. Bóndi hresstist nú mjög og gekk heim til kirkju. Var smiðurinn þá búinn að telgja hina seinustu fjöl yfir altarinu og ætlaði að festa hana.

Bóndi mælti: „Senn ertu búinn, Finnur minn.“ Við þessi orð varð smiðnum svo bilt að hann felldi fjölinu niður og hvarf. Hefur hann ekki sést síðan.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Þjóðsögur – Suðurnes

Marbendill

Mér er í minni stundin,
þá marbendill hló.
Blíð var baugahrundin,
(er bóndinn kom af sjó).
Kyssti hún laufalundinn,
lymskan undir bjó.
Sinn saklausan hundinn
sverðabaldur sló.

Á Suðurnesjum er bæjarorp nokkurt sem heitir í Vogum, en raunar heitir þorpið Kvíguvogar og svo er það nefnt í Landnámu. Snemma bjó bóndi einn í Vogum er sótti mjög sjó. Einhvern dag reri bóndi sem oftast og er ekki í það sinn neitt sérlegt að segja af fiski-fangi hans. En frá því er sagt að hann kom í drátt þungan og er hann hafði dregið hann undir borð, sá hann þar mannslíki og innbyrti það. Það fann bóndi að maður þessi var með lífi og spurði hann, hvernig á honum stæði en hann kvaðst vera marbendill af sjáv-arbotni. Bóndi spurði hvað hann hefði verið að gjöra þegar hann hefði ágoggast.

Marbendill svaraði: „Ég var að laga andskjólín fyrir eldhússtrompnum hennar móður minnar. En hleyptu mér nú niður aftur.“

Bóndi kvað þess engan kost að sinni,“ og skaltu með mér vera.“ Ekki töluðust þeir fleira við, enda varðist marbendill viðtals. Þegar bónda þótti tími til fór hann í land og hafði marbendil með sér og segir ekki af ferðum þeirra fyrr en bóndi hafði búið um skip sitt að hundur hans kom í móti honum og flaðraði upp á hann. Bóndi brást illa við því og sló hundinn.

Þá hló marbendill hið fyrsta sinn.

Hélt bóndi þá áfram lengra og upp á túnið og rasaði þar um þúfu eina og blótaði henni. Þá hló marbendill í annað sinn.

Bóndi hélt svo heim að bænum. Kom þá kona hans út í móti honum og fagnaði bónda blíðlega og tók bóndinn vel blíðskap hennar.

Þá hló marbendill hið þriðja sinn.

Bóndi sagði þá við marbendil: „Nú hefur þú helgið þrisvar sinnum og er mér forvitni á að vita af hverju þú hlóst.“

„Ekki gjöri ég þess nokkurn kost,“ sagði marbendill, „nema þú lofir að flytja mig aftur á sama mið er þú dróst mig á.“ Bóndi hét honum því.

Marbendill sagði: „Þá hló ég fyrst er þú slóst hund þinn er kom og fagnaði þér af ein-lægni. En þá hló ég hið annað sinn er þú rasaðir um þúfuna og bölvadur henni, því þúfa sú er féþúfa full af gullpeningum. Og enn hló ég hið þriðja sinn er þú tókst blíðlega fag-urgala konu þinnar, því hún er þér fláráð og ótrú. Muntu nú efna öll orð þín við mig og flytja mig á mið það er þú dróst mig á.“ Bóndi mælti: „Tvo af þeim hlutum er þú sagðir mér má ég að vísu ekki reyna að sinni, hvort sannir eru, tryggð hundsins og trúleik konu minnar. En gjöra skal ég raun á sannsögli þinni, hvort fé er fólgið í þúfunni og ef svo reynist, er meiri von að hitt sé satt hvort tveggja, enda mun ég þá efna loforð mitt.“

Bóndi fór síðan til og gróf upp þúfuna og fann þar fé mikið eins og marbendill hafði sagt.

Að því búnu setti hann skip til sjávar og flutti marbendil á sama mið sem hann hafði dregið hann á.

En áður en bóndi léti hann fyrir borð síga, mælti marbendill: „Vel hefur þú nú gjört, bóndi, er þú skilar mér móður minni heim aftur og skal ég að vísu endurgjalda það ef þú kannt til að gæta og nota þér. Vertu nú heill og sæll, bóndi.“

Síðan lét bóndi hann niður síga og er marbendill nú úr sögunni.

Það bar til litlu eftir þetta að bónda var sagt að sjö kýr, sægráar að lit, væru komnar þar í túnjaðarinn við fjöruna. Bóndi brá við skjótt og reif spýtukorn í hönd sér gekk svo þangað sem kýrnar voru, en þær rásuðu mjög og voru óværar. Eftir því tók hann að þær höfðu allar blöðru fyrir grönum. Það þóttist hann og skilja að hann mundi af kúnum missa, nema hann fengi sprengt blöðrur þessar. Slær hann þá með kefli því er hann hafði í hendi sér, framan á granirnar á einni kúnni og gat náð henni síðan. En hinna missti hann og stukku þær þegar í sjóinn. Þóttist hann þá skilja að kýr þessar hefði marbendill sent sér í þakkar skyni fyrir lausn sína. Þessi kýr hefur verið hinn mesti dánumanns gripur sem á Ísland hefur komið. Æxlaðist af henni mikið kúakyn sem víða hefur dreifzt um land og er allt grátt að lit og kallað sækúakyn.

En það er frá bónda að segja að hann varð mesti auðnumaður alla ævi. Hann lengdi og nafn byggðar sinnar og kallaði af kúm þessum, er á land hans gengu, Kvíguvoga, er áður voru kallaðir Vogar.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>



Þjóðsögur – Hálendið

Reynistaðabræður

Um haustið 1780 sendi Halldór Bjarnason, er þá hélt Reynistaðarklaustur, son sinn tvítugan, er Bjarni hét, og mann með, er Jón hét og var kallaður Austmann, suður um land til fjárkaupa því fyrirfarandi ár hafði mjög fallið fé á Norðurlandi.

Síðar um haustið sendi og Halldór yngri son sinn suður, er Einar hét, ellefu ára að aldri, og mann með honum, er Sigurður hét, og áttu þeir að hjálpa hinum til að reka féð norður er þeir höfðu keypt.

Það er mælt að Einar hafi nauðugur farið þessa för og hafi sagt að hann mundi ekki aftur heim koma. Hitt er og mælt að faðir hans hafi ákaft viljað láta hann fara því þó Reynistaðarfólk væri auðugt bjóst Halldór við að vinir sínir mundu gefa Einari kind er hann, svo ungur, færi til fjárkaupanna.

Þegar þeir bræður voru að fjárkaupunum eystra og syðra er mælt að Bjarni, er var í flestu fyrir þeim félögum, hafi eitt sinn komið inn í smiðju þar sem prestur nokkur var að smíða járn. Bjarni tók upp járnbút einn er lá hjá presti og mælti:

Tvívillast þetta tel ég stál,
tólin prests eru komin á ról.

Þessu reiddist prestur því svo stóð á að hann átti átti von á barni með vinnukonu sinni og hugði, sem þó var ekki, að Bjarni hefði heyrt það og vildi bregða sér brigsllum. Prestur svaraði þá í bræði sinni:

Ýli þín af sulti sál,
sólarlaus fyrir næstu jól.

Þessi ummæli prests urðu að áhrinsorðum því seint um haustið lögðu þeir félagar fjórir með féð upp á fjöllin og ætluðu norður Kjalveg þrátt fyrir aðvaranir vina þeirra og kunningja því svo þótti sem feigð kallaði að þeim. Var þeim þá fenginn leiðsögumaður er Jón hét. En allt um það komu þeir hvergi fram og urðu allir úti með fénu og öðrum fjármunum er þeir höfðu með sér.

Nú leið allur veturinn svo að ekkert spurðist til þeirra bræðra. En fyrst fengu menn á Reynistað grun á hvernig farið hefði þegar Björgu Halldórsdóttur, systur þeirra bræðra, dreymdi að Bjarni kæmi til sín og kvæði:

Enginn finna okkur má
undir fannahjarni.
Dægur þrjú yfir dauðum ná
dapur sat hann Bjarni.

Leið svo af veturinn til þess um vorið að ferðamaður einn fór suður fjöll og fann tjald þeirra féлага og þóttist sjá þar lík beggja þeirra bræðra og tveggja manna annarra. Síðar komu aðrir ferðamenn að tjaldinu, sáu þá aðeins tvö líkin og þegar sent var frá Reynistað eftir líkunum fundust ekki nema tvö. Var það lík þeirra Sigurðar og Jóns leiðsögumanns.

Eftir langa leit fannst miklu norðar á fjöllunum önnur höndin af Jóni Austmann, reiðtygi hans og reiðgjarðir sundurskornar og reiðhestur hans skorinn á háls. Var það trú manna að hann, sem hafði verið mestur mannskapsmaður þeirra féлага, hefði haldið norður þangað en hefði, þegar hann örvænti um að ná norður í byggð, drepið sjálfur hestinn til að stytta eymdarstundir hans.

En af bræðrunum fannst hvorki hold né hár né heldur gripir þeir er þeir höfðu haft með sér. Þegar lík þeirra bræðra fundust ekki dreymdi systur þeirra enn að Bjarni bróðir sinn kæmi og kvæði þetta:

Í klettaskoru krepptir liggjum bræður
en í tjaldi áður þar
allir hvíldum félagar.

Af þessari stöku fengu menn grun á að maður nokkur, sem farið hafði þennan veg um vorið, hefði stolið af líkum þeirra bræðra öllu fémætu, tekið síðan líkin sjálf úr tjaldinu og falið einhvers staðar.

Var þá byrjuð rannsókn og mál höfðað en allt kom fyrir ekki. En með því ekkert var sparað til að fá skýrslu um líkhvarfið var galdramaður til fenginn að vita hvers hann mætti vísari verða. Hann hafðist við í úthýsi á Reynistað. Þóttist hann sjá að lík þeirra bræðra væru urðuð í hraungjótu og stór hella ofan á en miði með rúnum lægi undir hellunni og sagði karl að líkin mundu ekki finnast fyrr en miðinn væri að engu orðinn.

Þóttist hann sjá þetta allt gjörla heima og bjóst til ferðar en á leiðinni glaptist allt fyrir honum svo hann fann ekki líkin er hann kom í óbyggðina þar sem þeirra var von.

Líkin fundust loks nálægt 1845 suður í Kjalhrauni, undir hellu eins og galdramaðurinn hafði sagt.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>



Þjóðsögur – Höfuðborgarsvæðið

Reykjavíkurtjörn

Reykjavíkurtjörn er sagt að hafi verið til forna full af veiði, silungi, laxi og sjóbirtingi, og varð það þeim sem lönd áttu að henni að góðu gagni.

En sumir segja að það hafi verið tveir bræður og hafi annar búið í Hlíðarhúsum, en hinn í Skálholtskoti. Þeir deildu um veiðina í tjörninni því báðir þóttust eiga hana alla, en gátu ekki komið sér saman um að nota hana í bróðerni.

Er þá sagt að af heitingum þeirra og ofstæki hafi svo farið að veiðin hafi horfið úr tjörninni, en hún orðið full af pöddum og hornsílum, og aldrei hefir nein veiði verið í henni síðan, en þó hafa stundum fengist þar álar.

Nú er að segja af þeim bræðranna sem bjó í Skálholtskoti að honum þótti illt að eiga að búa nærri bróður sínum eftir þetta. Tók hann sig þá til og flutti sig vestur að Helgafelli og bjó þar síðan, en bróðir hans bjó eftir á eignarjörð sinni Hlíðarhúsum og fara litlar sögur af honum fyrr en að því kom að hann lagðist veikur; það var banasótt hans og þó með undarlegu móti því hann hafði hvorki frið né ró né heldur gat hann dáið fyrr en hann var fluttur vestur að Helgafelli til bróður síns, sættist við hann heilum sáttum og dó svo eftir að hann hafði gefið Helgafellskirkju jörðina Hlíðarhús fyrir sálu sinni.

Heimildir

Sögur þær sem hér birtast er að finna á heimasíðu Netútgáfunnar. Bestu þakkir fyrir að leyfa birtingu þeirra hér. Við hvetjum áhugafólk um þjóðsögur að kynna sér þjóðsöguvef Netútgáfunnar en þar má finna fjöldann allan af skemmtilegum sögum úr öllum landshlutum. <http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Fleiri skemmtilegar þjóðsögur er meðal annars að finna í bókinni Þjóðsögur við þjóðvegin eftir Jón R. Hjálmarsson sem er bók gefin út af Almenna bókafélaginu árið 2000.

TÖLUR OG STÆRÐIR

Fjöldi íbúa í des. 2008

Landið allt	319.756
Höfuðborgarsvæðið	201.585
Suðurnes	21.564
Vesturland	15.720
Vestfirðir	7.374
Norðurland vestra	7.395
Norðurland eystra	29.060
Austurland	12.882
Suðurland	21.564

Skipting lands

Flatarmál landsins	103.000 ferkílómetrar
Gróið land	24.000 ferkílómetrar
Stöðuvötn	2800 ferkílómetrar
Jöklar	11.900 ferkílómetrar
Auðn	64.000 ferkílómetrar

Fjarlægðir til næstu landa

Grænland	287 kílómetrar
Færeyjar	420 kílómetrar
Jan Mayen	550 kílómetrar
Skotland	798 kílómetrar
Noregur	970 kílómetrar

Flatarmál eftir hæð yfir sjávarmáli

0–200 metrar	24.700 ferkílómetrar
201–400 metrar	18.400 ferkílómetrar
401–600 metrar	22.200 ferkílómetrar
601 metrar og yfir	37.700 ferkílómetrar

Helstu stöðuvötn

Pórisvatn	83 ferkílómetrar
Pingvallavatn	83 ferkílómetrar
Háslón Kárahnjúka- virkjunar	57 ferkílómetrar
Blöndulón	56 ferkílómetrar
Lögurinn	53 ferkílómetrar
Mývatn	37 ferkílómetrar
Hvítárvatn	30 ferkílómetrar
Hóp	30 ferkílómetrar
Langisjór	26 ferkílómetrar
Kvísilavatn	20 ferkílómetrar
Sultartangelón	19 ferkílómetrar
Skorradalsvatn	15 ferkílómetrar

Dýpstu stöðuvötn

Öskjuvatn	217 metrar á dýpt
Hvalvatn	160 metrar á dýpt
Jökulsárlón, Breiðar- merkursandi	150 metrar á dýpt
Pingvallavatn	114 metrar á dýpt
Lögurinn	111 metrar á dýpt
Pórisvatn	109 metrar á dýpt
Kleifarvatn	97 metrar á dýpt
Hvítárvatn	84 metrar á dýpt
Langisjór	74 metrar á dýpt

Vatnsmestu ár

Ölfusá	423 rúmmetrar á sekúndu
Þjórsá	370 rúmmetrar á sekúndu
Kúðafljót	250 rúmmetrar á sekúndu
Jökulsá á Dal	205 rúmmetrar á sekúndu
Jökulsá á Fjöllum	183 rúmmetrar á sekúndu
Tungnaá	175 rúmmetrar á sekúndu
Lagarfljót	130 rúmmetrar á sekúndu
Skaftá	122 rúmmetrar á sekúndu
Skeiðará	110 rúmmetrar á sekúndu
Héraðsvötn	108 rúmmetrar á sekúndu
Sog	108 rúmmetrar á sekúndu
Hólsá	100 rúmmetrar á sekúndu
Skjálfandafljót	95 rúmmetrar á sekúndu
Hvítá í Borgarfirði	89 rúmmetrar á sekúndu
Markarfljót	85 rúmmetrar á sekúndu
Blanda	60 rúmmetrar á sekúndu

Helstu fossar

Glymur í Botnsá	196 metrar
Háifoss í Fossá	121 metri
Hengifoss í Hengifossá	118 metrar
Granni í Fossá	100 metrar
Fjallfoss í Dynjanda	99 metrar
Seljalandsfoss í Seljalandsá	65 metrar
Skógafoss í Skógá	62 metrar
Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum	44 metrar
Gullfoss í Hvítá	32 metrar

Nokkrar eyjar við Ísland

Heimaey	13,4 ferkílómetrar
Hrísey á Eyjafirði	8 ferkílómetrar
Hjörsey í Faxaflóa	5,5 ferkílómetrar
Grímsøy	5,3 ferkílómetrar
Flatey á Skjálfanda	2,8 ferkílómetrar
Málmeý	2,4 ferkílómetrar
Papey	2 ferkílómetrar
Viðey	1,7 ferkílómetrar
Surtsey	1,6 ferkílómetrar

Stærstu jöklar

Vatnajökull	8300 ferkílómetrar
Langjökull	940 ferkílómetrar
Hofsjökull	900 ferkílómetrar
Mýrdalsjökull	570 ferkílómetrar
Drangajökull	160 ferkílómetrar
Eyjafjallajökull	70 ferkílómetrar
Tungnafellsjökull	40 ferkílómetrar
Þórisjökull	30 ferkílómetrar
Eiríksjökull	20 ferkílómetrar
Þrándarjökull	20 ferkílómetrar
Tindafjallajökull	15 ferkílómetrar
Torfajökull	15 ferkílómetrar
Snæfellsjökull	10 ferkílómetrar

Lengstu ár

Þjórsá	230 kílómetrar
Jökulsá á Fjöllum	206 kílómetrar
Ölfusá/ Hvítá	185 kílómetrar
Skjálfandafliót	178 kílómetrar
Jökulsá á Dal	150 kílómetrar
Lagarfliót	140 kílómetrar
Héraðsvötn	130 kílómetrar
Blanda	125 kílómetrar
Fnjóská	117 kílómetrar
Hvítá í Borgarfirði	117 kílómetrar
Kúðafliót	115 kílómetrar
Markarfliót	100 kílómetrar
Laxá í S-Þing	93 kílómetrar
Víðidal-sá	91 kílómetrar
Hofsá, Vopnafirði	85 kílómetrar
Vatnsdalsá	74 kílómetrar
Hólsá	71 kílómetrar
Eyjafjarðará	60 kílómetrar

Hæð nokkurra fjalla

Hvannadalshnjúkur	2111 metrar yfir sjó
Bárðarbunga	2000 metrar yfir sjó
Kverkfjöll	1920 metrar yfir sjó
Snæfell	1833 metrar yfir sjó
Hofsjökull	1765 metrar yfir sjó
Herðubreið	1682 metrar yfir sjó
Eiríksjökull	1675 metrar yfir sjó
Eyjafjallajökull	1666 metrar yfir sjó
Tungnafellsjökull	1540 metrar yfir sjó
Kerling	1538 metrar yfir sjó
Þorvaldsfell í Öskju	1510 metrar yfir sjó
Hekla	1491 metrar yfir sjó
Mýrdalsjökull	1480 metrar yfir sjó
Kerlingarfjöll, Snækollur	1477 metrar yfir sjó
Tindafjallajökull	1462 metrar yfir sjó
Trölladyngja	1460 metrar yfir sjó
Snæfellsjökull	1446 metrar yfir sjó

Lengstu hraunhellar

Kalmanshellir í	
Hallmundarhrauni	4010 metrar
Surtshellir í	
Hallmundarhrauni	1970 metrar
Iðrafossar í Skaftáreldahrauni	1732 metrar
Víðgelmir í Hallmundarhrauni	1585 metrar
Stefánsshellir í	
Hallmundarhrauni	1520 metrar
Raufarhólshellir í Leitahrauni	1360 metrar
Völundur í Skaftáreldahraun	1108 metrar
Flóki í Tvíbollahrauni	1096 metrar
Litli-Björn/Vörðhellir	
í Goðahrauni	1000 metrar
Langiþröngur í	
Purkhólahrauni, um	1000 metrar
Flóðhellir í Skaftárelda- hrauni um	1000 metrar

Elstu kirkjur

Bænhúsið Núpsstað	um 1650
(að stofni til jafnvel mun eldra)	
Gröf, Höfðaströnd	1670–80
Hóladómkirkja, Hjaltadal	1763
Viðeyjarkirkja	1774
Landakirkja, Heimaey	1778
Dómkirkjan í Reykjavík	1796
Bessastaðakirkja	1823
Víðimýrarkirkja	1834
Knappsstaðir, Fljótum	1834
(endurbyggð 1838)	
Bakki, Öxnadal	1843 (elsta guðshús í Eyjafirði)